# FRÉTTABLAÐIÐ

160. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 8. JÚLÍ 2016




## Ekki hrædd við lukkuriddara

**Birgitta Jónsdóttir** Pírati óttast ekki að tækifærissinnar taki flokkinn yfir. Hún sér eftir Helga Hrafni af þingi, en segir enga eina stjörnu í Pírötum. Birgitta ræðir samskiptavanda innan flokksins, aðstoðarmenn ráðherra sem hún segir marga hverja flokksgæðinga og vill senda nýja ráðherra á námskeið. →12

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Söluhagnaður sumarhúsa skerðir bætur um þúsundir

**VIÐSKIPTI** Dæmi eru um að ellilífeyrir og örorkubætur skerðist um tugi þúsunda vegna sölu einstaklinga á sumarhúsum.

Landssamband sumarhúsaeigenda skorar á stjórnvöld að fella niður skatta af söluhagnaði frístundahúsa. Sveinn Guðmundsson, formaður sambandsins, segir frístundahús ekkert annað en framlengingu af heimili fólks.

Tuttugu prósenta tekjuskattur er lagður á söluhagnað sumarhúsa í dag.

Aðalbjörg Guðgeirsdóttir, sem er öryrki, seldi fyrir ári sumarbústað sem hún hafði átt í tuttugu ár og skerðast bætur hennar um tíu þúsund krónur á mánuði vegna þess.

„Ég taldi að það gilti það sama um sumarhús og íbúðarhús, að ég þyrfti ekki að borga skatt af því. En svo fékk ég reikning frá Tryggingastofnun upp á 377 þúsund krónur,“ segir Aðalbjörg.

Hún útskýrir að eitthvað af reikningnum hafi verið út af því að hún hefði bætt við sig vinnu en 204 þúsund krónur hafi verið út af sölu sumarbústaðarins.

„Tryggingastofnun leyfði mér að dreifa þessu á þrjátíu og sex mánuði, hún tekur tíu þúsund krónur af bótunum mínum yfir þann tíma og svo fara tuttugu þúsund krónur í skatt í hverjum mánuði út af þessum litla söluhagnaði. Þetta eru þrjátíu þúsund krónur á mánuði sem mann munar verulega um,“ segir Aðalbjörg.

Sveinn Guðmundsson segir að hægt sé að fara ýmsar krókaleiðir til að forðast skattinn, hins vegar sé það vilji sambandsins að fólk þurfi ekki að fara krókaleiðir.

Aðalbjörg tekur undir þetta. „Það er hundleiðinlegt að fólk þurfi að fara einhverjar krókaleiðir til að forðast svona,“ segir Aðalbjörg Guðgeirsdóttir. **– sg** / **sjá síðu 6**

> **Ég taldi að það gilti það sama um sumarhús og íbúðarhús að ég þyrfti ekki að borga skatt af því. En svo fékk ég reikning frá Tryggingastofnun upp á 377 þúsund krónur.**
>
> Aðalbjörg Guðgeirsdóttir öryrki



### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Bergur Ebbi skrifar um tröllin, trúna og tómleikann. 15

**SPORT** Breiðablik og Stjarnan mætast í stórleik í kvöld. 16

**MENNING** Skáldsagan Löður daganna kemur í fyrsta skipti út í íslenskri þýðingu 22

**LÍFIÐ** Jóga Jóhannsdóttir er í aðalhlutverki bak við tjöldin í Borgarstjóranum. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Veður




Eftir ágætt sumarveður undanfarið syrtir í álinn í dag, með votviðris-norðanátt og kólnandi veðri. Áfram líklega þurrt suðvestanlands. SJÁ SÍÐU 20

# Banaslys á Reykjanesbraut

**SLYS** Karlmaður á fertugsaldri lést eftir árekstur vörubifreiðar með tengivagn og bifhjóls á mótum Reykjanesbrautar og Hafnarvegar í Reykjanesbæ í gær.

Ökumaður bifhjólsins var úrskurðaður látinn á vettvangi en ekki er unnt að birta nafn hans að svo stöddu. Ekki urðu slys á ökumanni og farþega í vörubifreiðinni.

Loka þurfti Reykjanesbraut og Hafnavegi í um þrjár klukkustundir í gærmorgun vegna starfa rannsóknaraðila á vettvangi. Lögregla vinnur að rannsókn á tildrögum slyssins með aðstoð tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. – ngy



David Beckham á Reykjavíkurflugvelli ásamt dóttur sinni. MYND/FRIÐRIK ÞÓR

# Beckham-hjónin lent á Íslandi

**SAMFÉLAG** Hjónin David og Viktoria Beckham eru á Íslandi en þau lentu á Reykjavíkurflugvelli á einkaþotu sinni í gær ásamt börnum sínum. Hjónin eru gestir Björgólfs Thors Björgólfssonar athafnamanns sem hefur verið búsettur í London síðastliðin ár og á þeim tíma munu þeir hafa vingast.

David Beckham, er fyrrum leikmaður Manchester United og Real Madrid. Viktoria var söngkona í Spice Girls og er fatahönnuður. – ngy

# Hvíld á milli anna



**Í hádegispásu** Þessi ungi maður nýtti hádegispásuna vel í gær og hvíldi sig á milli anna, en hann er í hópi ungmenna sem var að vinna í Hólavallagarðinum. Sólin skein allan daginn og hafa eflaust margir nýtt tækifærið og skellt sér í sólbað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kalt vatn ódýrt á Íslandi

**ORKUMÁL** Íslensk heimili greiða um 28 þúsund krónur á ári fyrir kalt vatn, sé miðað við þrjá íbúa í 100 fermetra íbúð. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Samorku, samtökum orku- og veitufyrirtækja. Einnig kemur fram að í Stokkhólmi í Svíþjóð sé greitt sama verð en á hinum Norðurlöndunum þurfi að borga allt að þrisvar sinnum meira.

Í Ósló kostar kalda vatnið um 46 þúsund krónur á ári og í Helsinki 50 þúsund krónur. Kaupmannahöfn sker sig úr, en þar þarf að borga um 100 þúsund krónur á hverju ári. Tæplega helmingur af þeirri upphæð er skattar, en auk virðisaukaskatts, sem hin Norðurlöndin leggja á kalda vatnið, rukka Danir einnig sérstakan vatnsskatt. – ngy

**» 28.000 krónur á ári greiða íslensk heimili fyrir kalt vatn.**

# Mikil mildi að ekki hafi orðið slys á fólki

**Smellugaskútur á sólpalli sprakk með miklu afli. Slökkviliðsstjóri Akureyrar segir það heppni að aðeins urðu skemmdir á íbúð en ekki alvarleg slys á fólki, en á pallinum var heimilisfaðirinn að leik við ársgamlan son sinn.**

**LÖGREGLUMÁL** Slökkvilið Akureyrar var kallað að íbúð í bænum á þriðjudagskvöld vegna sprengingar á gaskút sem var við gasgrill á palli utandyra. Gaskúturinn þaut inn um glerhurð og á vegg íbúðarinnar af svo miklu afli að kvarnaðist úr honum.

„Þegar við komum á staðinn voru íbúarnir flúnir úr húsinu með þrjú börn sín,“ segir Ólafur Stefánsson slökkviliðsstjóri á Akureyri. Hann segir mikla mildi að ekki hafi orðið alvarleg slys á fólki.

„Heimilisfaðirinn var með ársgamalt barn sitt á trampólíni á pallinum þegar sprengingin varð, þá var annað heimilisfólk í skjóli í íbúðinni. Ef kúturinn hefði sprungið í aðra átt, þá hefði getað farið mjög illa,“ segir Ólafur.

„Íbúðin var undirlögð í glerbrotum. Við fórum til að tryggja vettvanginn og skoða aðstæður. Tókum myndir og skrifuðum okkar skýrslur. Á gaskútnum sjálfum, sem var úr trefjaplasti, var um það bil 10-15 cm rifa,“ segir Ólafur.

Mannvirkjastofnun tekur við skýrslum slökkviliðsmanna og Vinnueftirlitið rannsakar kútinn. Lögregla rannsakaði líka vettvang sprengingarinnar.

„Heimilisfólk hafði nýverið keypt sér tvo kúta. Þau voru búin að nota þann sem sprakk einu sinni. Hinn stóð innsiglaður. Kúturinn var ekki í notkun þegar hann sprakk. Hann stóð í sól og var í skjóli fyrir norðanáttinni, hugsanlega hitnaði hann. En það er ekki vitað og er nokkuð sem þarf að rannsaka,“ segir Ólafur.

Gaskútarnir voru keyptir hjá Olís og eru frá Kosan Gas í Danmörku. Kjartan S. Guðjónsson, sölufulltrúi hjá Olís, segir Kosan Gas sé með einna mest prófuðu vöru á markaðnum. Gasflöskurnar séu prófaðar í allskonar veðráttu frá -40 C og upp í +65 C.

Kosan og Olís muni vinna með rannsóknaraðilum málsins til að komast að því hvað hefur valdið þessu óhappi.

„Það er ekki gott að segja hver ástæðan er, það er best að bíða niðurstöðu rannsóknar. En það sem við vitum er að þetta tengist kútnum sjálfum en ekki tengingunni,“ segir Kjartan og tekur fram að þetta sé eina tilfellið sem hann viti um.

kristjanabjorg@frettabladid.is



Slökkviliðsmenn að störfum. Á myndinni kæla þeir niður annan gaskút á pallinum. Hér sést vel hversu öflug sprengingin var, glerhurðin í molum. MYND/SLÖKKVILIÐ AKUREYRAR



Gaskúturinn er frá virtum framleiðanda í Danmörku. Hér sést rifan á kútnum. MYND/SLÖKKVILIÐ AKUREYRAR

> Heimilisfaðirinn var með ársgamalt barn sitt á trampólíni á pallinum þegar sprengingin varð.
>
> Ólafur Stefánsson, slökkviliðsstjóri á Akureyri

AFMÆLISTILBOÐ 50 ára
LANDMANN gasgrill 3ja brennara
www.grillbudin.is

Niðurfellanleg hliðarborð
• Afl 10,5 KW
• 3 brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Postulínsemaleraðar grillgrindur
• Niðurfellanleg hliðarborð
• Kveiking í öllum tökkum
• Hitamælir í loki
• Postulínsemaleruð efri grind
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
AFMÆLISTILBOÐ
47.900
Nr. 12220
LANDMANN 50 ÁRA
Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## ŠKODA Octavia Drivers Edition

# Aksturinn verður bara skemmtilegri og skemmtilegri



Við vorum að fá **ŠKODA Octavia Drivers Edition** sem er sérútfærsla af vinsælasta bíl á Íslandi 2015. Hann er með aukahlutapakka á einstöku tilboði í takmarkaðan tíma. Komdu til okkar í reynsluakstur og finndu hvernig hann leikur við þig í akstrinum. Hlökkum til að sjá þig!

Verð frá aðeins

**3.839.000 kr.**

**Drivers Edition aukahlutapakki**

- Xenon/LED framljós
- Climatronic miðstöð
- Krómpakki
- Leiðsögukerfi með SD korti
- 17" álfelgur
- 16" vetrardekk á álfelgum

| | |
|---|---|
| Heildarverðmæti | 740.960 kr. |
| **Tilboðsverð á pakka** | **349.000 kr.** |
| Afsláttur | 391.960 kr. |

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**

# Mjólkursamsalan sektuð og skaðabótamál er yfirvofandi

**SAMKEPPNISMÁL** Mjólkursamsalan var í gær sektuð um 480 milljónir króna vegna alvarlegrar misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. MS seldi hrámjólk til samkeppnisaðilanna Mjólku og síðar Kú á mun hærra verði en til MS og tengdir aðilar, þá sérstaklega Kaupfélag Skagfirðinga, greiddu fyrir vöruna samkvæmt niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins.

MS er sagt hafa viljað ýta Mjólku út af markaði með yfirverðlagningu en Kaupfélag Skagfirðinga tók Mjólku yfir árið 2009. Þá hafi mismununin haldið áfram gagnvart Kú sem stofnuð var í kjölfarið, meðal annars af Ólafi M. Magnússyni, stofnanda Mjólku.

Ólafur fagnar niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins og vill að bændur dragi stjórnendur MS til ábyrgðar vegna þess álitshnekkis sem þeir hafi valdið fyrirtækinu. Þá segir hann að skaðabótamál gegn MS verði höfðað á næstu vikum þar sem farið verði fram á mörg hundruð milljónir króna í skaðabætur. Þá hljóti Alþingi að endurskoða búvörusamninginn og undanþágu MS frá samkeppnislögum. „Þessum mönnum er engan veginn treystandi til að starfa undir undanþágum frá ákvæðum samkeppnislaga.“

> Þessum mönnum er engan veginn treystandi til að starfa undir undanþágum frá ákvæðum samkeppnislaga.
>
> Ólafur M. Magnússon, framkvæmdastjóri mjólkurbúsins Kú



Samkeppniseftirlitið sektaði MS um 370 milljónir vegna sama máls árið 2014 en áfrýjunarnefnd samkeppnismála taldi að taka þyrfti málið upp að nýju vegna nýrra gagna sem MS lagði fram. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins nú er að brot MS hafi verið alvarlegri en áður var talið.

Ari Edwald, forstjóri MS, segir málatilbúnað Samkeppniseftirlitsins ekki standast og fá gagnrýnir hve lengi hafi dregist að fá niðurstöðu í málið. MS hyggst áfrýja niðurstöðunni. **– ih**

## Spá lækkandi stýrivöxtum

**VIÐSKIPTI** Fjármálamarkaðir búa sig undir það að Englandsbanki muni lækka stýrivexti á vaxtaákvörðunarfundi í næstu viku, til að örva hagkerfið eftir að Bretar kusu að yfirgefa Evrópusambandið fyrir tveimur vikum.

Tilkynnt verður um stýrivaxtaákvörðunina þann 14. júlí og spá markaðsaðilar því að 78 prósent líkur séu á lækkun, samkvæmt gögnum frá Hargreaves Landsdown.

Stýrivextir hafa verið 0,5 prósent frá því í mars 2009 þar sem Mark Carney, bankastjóri Englandsbanka, hefur ekki viljað lækka þá meira. Hann sagði nýlega í ræðu að hann teldi að lækka þyrfti stýrivexti á ný yfir sumarið í kjölfar Brexit-kosninganna.

Stýrivaxtalækkun gæti valdið því að gengi pundsins falli enn frekar gagnvart öðrum gjaldmiðlum.

Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) segir að ákvörðun Breta um að yfirgefa Evrópusambandið muni leiða til þrjú prósent lægri landsframleiðslu í lok áratugarins. Þá muni ákvörðunin einnig leiða til aukins atvinnuleysis þar í landi. Þetta kemur fram í nýútgefinni skýrslu stofnunarinnar um þróun starfa innan OECD-svæðisins en stofnunin hafði varað við útgöngu Breta. **– sg / -ngy**

**3%**

**lægri landsframleiðslu í Bretlandi er spáð í skýrslu OECD**

### LEIÐRÉTTING

*Fjórir stjórnarmenn í Heilsugæslunni Höfða ehf. sem hyggjast opna heilsugæslustöð á Bíldshöfða starfa hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins en ekki fimm eins og fullyrt var í Fréttablaðinu í gær.*



Neytendur hugsa meira um hvernig þeir nýta peningana sína nú en fyrir hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hrunið bætti neysluvenjurnar

**Íslendingar hafa orðið hagsýnni og meðvitaðri neytendur í kjölfar hrunsins. Breyttar neysluvenjur hafa haldist í batnandi efnahagsástandi. Formaður Neytendasamtakanna segir fólk enn brennt af hruninu.**

**NEYTENDUR** Bankhrunið árið 2008 virðist hafa gert Íslendinga að hagsýnni og meðvitaðri neytendum. Þetta er niðurstaða meistararitgerðar Hrundar Einarsdóttur í markaðsfræði við Háskólann í Reykjavík. „Þeir eru hagsýnni og hugsa meira áður en þeir eyða peningum,“ segir Hrund en ritgerðin byggir á neyslukönnunum Gallup frá árunum 2005, 2007, 2009 og 2015.

Hrund segir að breytingar á neysluvenjum hafi orðið strax eftir hrun sem hafi haldið sér að einhverju leyti. „Neytendur fóru að leita meira að lágu verði, versluðu minna í lúxusmatvöruverslunum og nýttu sér afsláttarmiða í meira mæli,“ segir Hrund um þróunina í kjölfar hrunsins. Þá hafi tryggð neytenda gagnvart vörumerkjum einnig minnkað.

„Fjármálahrunið hefur haft einhver langtímaáhrif á neytendur þar sem sjö árum eftir hrunið eru sum viðhorf eins, þrátt fyrir batnandi efnahagsástand,“ segir Hrund og vísar þar til neyslukönnunar Gallup árið 2015. „Neytendum er enn umhugað um lágt verð en samt virðast þeir vera að leyfa sér ákveðinn lúxus, þar sem viðhorf gagnvart lúxusvörum og lúxusmatvöruverslunum er mun betra núna en það var árið 2009. Þeir eru enn þá jákvæðir gagnvart því að nýta sér afsláttartilboð.“

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, tekur undir að neytendur séu orðnir meðvitaðri um neyslu sína. „Fólk heldur fastar utan um sitt og hugsar meira um í hvað það eyðir. Við verðum alveg vör við það, sem er mjög góð breyting,“ segir hann.

> Þeir eru hagsýnni og hugsa meira áður en þeir eyða peningum.
>
> Hrund Einarsdóttir, markaðsfræðingur



„Ég held að fólk sé bara mjög brennt af hruninu, og það móti dálítið hvernig fólk hagar sér í dag,“ bætir Jóhannes við. Hann segir neytendur duglega að setja sig í samband við Neytendasamtökin þegar þeir taki eftir verðhækkunum.

Hrund segir breytinguna sem varð milli áranna 2007 og 2009 sýna að viðhorf neytenda breytist með efnahagsástandinu. „Það er klárlega samband milli viðhorfa neytenda og efnahagsástands,“ segir hún.

Hins vegar veki athygli að Íslendingar hafi fremur leitast eftir magni en gæðum í miðju hruninu, árið 2009. „Annars staðar í heiminum hugsuðu neytendur meira um gæði en magn í efnahagskreppum. En viðhorfið var akkúrat öfugt í fjármálakreppunni hérna á Íslandi.“ Þetta samband hafi nú snúist við á Íslandi. **ingvar@frettabladid.is**






## Hætta fylgir ferðamönnum á brúm

**SAMFÉLAG** Vegagerðin verður að bregðast við því að ferðamenn troði sér meðfram brúm landsins sem einungis eru ætlaðar farartækjum, til dæmis með því að setja upp skilti. Þetta segir Kári Jónasson leiðsögumaður.

Meðfylgjandi mynd var tekin í gær á brú yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi en Kári segir að daglega séu ferðamenn á brúnni. „Fólkið er að taka myndir þarna en það verður að átta sig á því að það gæti orðið slys. Þetta er vandamál á fleiri stöðum líka,“ segir Kári og bætir við að rútur og bílar sem keyri fram hjá verði fyrir vikið að fara löturhægt svo ekki verði slys. „Svo þarf fólkið að þrýsta sér upp að handriðinu en það er stórhættulegt.“

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir að verið sé að skoða leiðir til að auka útsýnismöguleika fyrir ferðamenn til að forðast slysin. „Við höfum áhyggjur af hegðun ferðamanna á vegunum,“ segir G. Pétur. **– ngy**



Daglega troða ferðamenn sér á brúna yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi en hún er einungis fyrir faratæki. Myndin er tekin úr rútu á ferð. MYND/KÁRI JÓNASSON

# BARNGÓÐAR KRÓNUR TAKA Á LOFT

**FJÖLSKYLDAN FLÝGUR SAMAN Á VIT ÆVINTÝRANNA** | **FLUGFELAG.IS**




ISLENSKA/SIA.IS FLU 80551 07/16

**KRÓNAN VEITIR 99% AFSLÁTT**
fyrir barnið aðra leiðina + flugvallarskattar. Greiða þarf flugvallarskatta og eru þeir 1.700 kr. frá Reykjavík og 1.360 kr. frá öðrum áfangastöðum innanlands.

**FERÐATÍMABILIÐ ER FRÁ 15. JÚLÍ – 31. ÁGÚST**
**BÓKANLEGT TIL 15. JÚLÍ**
Sláðu inn í bókunarvélina flugsláttinn KRONA til að tryggja þér þetta tilboð.

**ÞETTA EINSTAKA TILBOÐSFARGJALD:**

- Gildir til Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar, Egilsstaða, Grímseyjar, Vopnafjarðar og Þórshafnar
- Er fyrir börn, 2–11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- Býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is
- Ekki er hægt að bæta barni við bókunina eftir á
- Ekki er hægt að nota tvo flugslætti í sömu bókun

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

## Fylgi minnkar við Framsókn

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn mælist nú með 25,3 prósent fylgi og Píratar með 24,3 prósent fylgi í nýrri fylgiskönnun MMR. Sjálfstæðisflokkurinn eykur fylgi sitt um fjögur prósentustig frá síðustu könnun. Vinstri græn bæta einnig við sig fylgi, mælast með 18,0 prósenta fylgi en mældust með 17,2 prósent í síðustu könnun.

Samfylkingin er komin upp í 10,9 prósenta fylgi úr 10,4 prósentum í síðustu könnun og 7,4 prósentum þar áður. Fylgi minnkar umtalsvert við Framsókn sem mælist með 6,4 prósent en mældist með 11,4 í síðustu könnun.

Björt framtíð mældist nú með 2,9 prósenta fylgi sem er hið sama og í síðustu könnun. Sturla Jónsson mældist með 2,0 prósent fylgi borið saman við 1,2 í síðustu könnun. – **kbg**

## Vildi ekki endurgreiða ofgreidd laun

**SVÍÞJÓÐ** Vegna mistaka fékk stjórnmálamaður í sveitarfélaginu Jönköping í Svíþjóð 68 þúsund sænskra króna, eða um einni milljón íslenskra króna, of mikið í laun. Hann neitaði hins vegar að endurgreiða það sem hann fékk ofgreitt þar sem um mistök vinnuveitandans hefði verið að ræða.

Samkvæmt frétt sænska ríkisútvarpsins mun stjórnmálamaðurinn hafa náð samkomulagi við sveitarfélagið um að endurgreiða helming fjárhæðarinnar. – **ibs**

## Kveiktu í rusli



**Skortur á vinnu** Borgarar í Simbabve mótmæltu skorti á vinnu og ógreiddum launum í gær. Fáir sáust á götum úti en þeir sem mótmæla söfnuðu saman rusli og kveiktu í því. Efnahagur í Simbabve er bágur og hafa opinberir starfsmenn til dæmis ekki fengið greidd laun í yfir mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Segir sumarhúsaeigendur hunsaða

**Landssamband sumarhúsaeigenda vill niðurfellingu tekjuskatts af söluhagnaði frístundahúsa. Ósanngjarnt sé að ólíkar reglur gildi um hús í þéttbýli og sumarhús. Segja skattayfirvöld hunsa erindi þeirra og að enginn vilji sé hjá ráðherra að liðsinna fólki eða sýna skilning.**

**EFNAHAGSMÁL** Landssamband sumarhúsaeigenda skorar á stjórnvöld að fella niður skatta af söluhagnaði frístundahúsa. Sveinn Guðmundsson, formaður sambandsins, segir frístundahús ekkert annað en framlengingu af heimili fólks. Hann segist enga áheyrn fá frá stjórnvöldum um tillögur sambandsins þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Tuttugu prósent tekjuskattur er lagður á söluhagnað sumarhúsa í dag. Sveinn segir að dæmi séu um að fólk sem sé komið á ellilífeyri geti lent í því að fá ekki ellilífeyrinn þegar það selur sumarhúsin sín.

„Við höfum í gegnum tíðina verið að vinna í því að fá stjórnvöld til að skilja þá stöðu sem fólk er í. Frístundahús er ekki fjárfesting, heldur annað heimili. Ef þú kaupir húsnæði í bænum þar sem þú ert með lögheimili þá þarftu ekki að borga hagnað af því ef þú ert búinn að eiga það í tvö ár og selur það. Okkur finnst að sama ætti að gilda um sumarhúsin,“ segir Sveinn.

Sveinn bendir á að á eignarhaldstíma, sem getur spannað áratugi, hafi farið fram margvíslegar endurbætur og viðbætur sem geta náð verulegum fjárhæðum og haft áhrif á endursöluverð sumarhúss. Erfitt sé þó að halda bókhald af húsi sem búið er að eiga í áratugi, því taki söluhagnaður oft ekki mið af þeirri fjárhæð sem búið er að setja í húsið.

Sveinn segir sambandið hafa ítrekað gert tilraunir til áheyrnar stjórnvalda, en enginn fjármálaráðherra hafi haft áhuga á því að liðsinna fólki og sýna þessu skilning. „Það er enginn vilji til að taka okkur í viðtal, við höfum beðið um fund með fjármálaráðherra varðandi erindi sem við sendum á sínum tíma.“

Sveinn segir að fólk geti farið ýmsar krókaleiðir til að forðast skattinn. „Það getur framselt frístundahúsin til barna sinna með fyrirframgreiddum arfi, en börnin þurfa að greiða tíu prósent skatt af því. Fólk á ekki að þurfa að fara einhverjar krókaleiðir. Það verður líka alltaf einhver kostnaður af þeim,“ segir Sveinn Guðmundsson.

saeunn@frettabladid.is



Formaður Landssambands sumarhúsaeigenda segir sumarhús ekki vera fjárfestingu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Frístundahús er ekki fjárfesting, heldur annað heimili. Ef þú kaupir húsnæði í bænum þar sem þú ert með lögheimili þá þarftu ekki að borga hagnað af því ef þú ert búinn að eiga það í tvö ár og selur það.**

Sveinn Guðmundsson, formaður Landssambands sumarhúsaeigenda



# Segir forsendur lokunar neyðarbrautar marklausar

**SAMGÖNGUR** Sigurður Ingi Jónsson, varamaður Framsóknar og flugvallarvina í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar, segir gögn sem notuð voru við ákvarðanatöku um að loka NA/SV flugbraut Reykjavíkurflugvallar ýmist úrelt, röng eða marklaus.

Sigurður segir til að mynda að skýrsla Isavia um nothæfistuðul fyrir sjúkraflugvélar á Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvelli, þverbrjóta reglugerð um flugvelli. „Búinn er til einn lendingarstaður úr tveimur flugvöllum, Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli, síðan stuðst við hámarks hliðarvindsstuðul langt umfram það sem reglugerð segir til um,“ segir Sigurður. Þá gagnrýnir hann einnig skýrslur verkfræðistofunnar Eflu. „Efla verkfræðistofa hefur ríka fjárhagslega hagsmuni af viðskiptum við Reykjavíkurborg, einnig hefur komið fram að framkvæmdastjóri félagsins er hluthafi í Valsmönnum hf., því verður ekki fallist á að Efla verkfræðistofa sé óháður aðili,“ segir í bókun Sigurðar frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs.

> **Efla verkfræðistofa hefur ríka fjárhagslega hagsmuni.**

Sigurður Ingi Jónsson í Framsókn og flugvallarvinum

Sigurður segir að ítrekað hafi verið bent á galla í skýrslum Eflu og Isavia „af þar til bærum sérfræðingum, svo sem öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna“. Hann segir ábendingum þeirra hafa verið vísað frá með fullyrðingum um að atvinnuflugmenn séu hagsmunaaðilar.

„Þetta er ákaflega grunnhyggin fullyrðing þar sem einu hagsmunirnir sem atvinnuflugmenn hafa í þessu máli er að koma sér og sínum farþegum örugglega á milli staða. Þeir sem hafa hag af því að knýja á um að loka brautinni, svo unnt sé að byggja blokkir í aðflugsstefnu brautarinnar, þeir eru hinir raunverulegu hagsmunaaðilar,“ segir Sigurður. – **þea**



**Af Reykjavíkurflugvelli.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

RENAULT
Passion for life

# GULLFALLEGIR CAPTUR OG KADJAR




## VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA NÝJUM RENAULT Í DAG.

Hefur þú kynnt þér Captur eða Kadjar frá Renault? Tveir spennandi kostir sem eru hlaðnir staðalbúnaði, 5 stjörnu öryggi og þekktir fyrir þægindi, tæknibúnað og frábært verð. Renault Captur er snaggaralegur bíll í millistærð með hátt undir lægsta punkt, frábær í akstri og fæst í mörgum litaútfærslum. Renault Kadjar er glæsilegur sportjeppi sem fæst bæði með framhjóladrifi eða öflugu fjórhjóladrifi. Kadjar er rúmgóður og einstaklega vel hannaður.
Og að sjálfsögðu er sparneytnin í fyrirrúmi í öllum Renault bifreiðum.
Þú kemst einfaldlega lengra á Renault.

**Renault Captur**
**Bensín, beinskiptur**
**Eyðsla 5,1 l/100 km***
**Verð: 2.990.000 kr.**
Verð á mánuði 45.863 kr.**
Fleiri útgáfur í boði.
Nánari upplýsingar á Renault.is

**Renault Kadjar 2wd**
**Dísil, sjálfskiptur**
**Eyðsla 3,8 l/100 km***
**Verð : 4.390.000 kr.**
Verð á mánuði 67.278 kr.**
Fleiri útgáfur í boði.
Nánari upplýsingar á Renault.is

„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"

**Mánaðargreiðsla miðað við 10% útborgun og eftirstöðar til 84 mánaða samkvæmt fjármögnunarreiknivél á Lykill.is. Verð og afborganir geta breyst án fyrirvara.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM76261

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Stýrihópur vill gönguvænni miðborg og bæta hjólaaðgengi

**REYKJAVÍKURBORG** Miðborgarsjóður, bætt hjóla- og gönguaðgengi, og aðgerðir sem stuðla að því að miðborgin sé áhugaverður og spennandi áfangastaður fyrir íbúa borgarinnar og landsmenn alla, ekki síður en erlenda gesti, eru meðal þess sem stýrihópur um málefni miðborgar leggur til í nýrri skýrslu.

Meginviðfangsefni stýrihópsins var að skoða fyrirkomulag málefna miðborgarinnar innan stjórnkerfis borgarinnar sem og formlegt fyrirkomulag samstarfs og samráðs við íbúa, rekstraraðila og aðra hagsmunaaðila í miðborginni.

Meðal tillagna er að leggja meiri áherslu á vistvænar samgöngur og gangbæra borg, með því að umbreyta akstursæðum í akfær, áhugaverð og gönguvæn miðborgarrými, að bæta göngu- og hjólaaðgengi að og um hafnarsvæðið, að styrkja þvertengsl og fjölga hjólastæðum.

Einnig eru hugmyndir um að skoða möguleika á að samræma vöruafgreiðslutíma til rekstraraðila víðar en á Laugavegi og að gera áætlun um samstillta opnunartíma verslana, sundstaða og veitingastaða til að efla tengsl milli ólíkrar þjónustu og tryggja líf á ólíkum tímum sólarhrings.

Lagt er til að stofnaður verði Miðborgarsjóður sem úthluti allt að 20 milljónum króna árlega til að efla hagsmunasamtök og grasrótarsamtök í samræmi við miðborgarstefnu.

Ein hugmyndanna í skýrslunni er einnig að auka „venjulega" vinnustaði í miðborginni og að „plögga" miðborgina sem stað til að reka fyrirtæki þar sem störf í ferðaþjónustu í miðborginni eru láglaunastörf. – sg



Meðal tillagna stýrihóps kjörinna fulltrúa er að umbreyta akstursæðum í akfær, áhugaverð og gönguvæn miðborgarrými. FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

# Breytingafrumvörp gætu dagað uppi

**Engin samstaða náðist um framsal valdheimilda í þágu alþjóðasamvinnu í vinnu stjórnarskrárnefndar. Framsal valdheimilda er álitið nauðsynlegt til að Ísland geti orðið aðili að Evrópusambandinu. Óljóst er hver afdrif frumvarpa stjórnarskrárnefndarinnar verða.**

**STJÓRNMÁL** Nefndarmenn stjórnarskrárnefndar eru í vafa um hvort frumvörp nefndarinnar sem afhent voru forsætisráðherra í gær komi nokkurn tíma til umræðu á Alþingi. Ekki náðust fullar sættir innan nefndarinnar um tillögurnar sem ganga of langt að mati stjórnarflokkanna en of skammt að mati stjórnarandstöðu.

„Forsætisráðherra fær þetta núna og ræður hvað hann gerir við það. Það liggur fyrir að það eru ekki margir dagar eftir af starfsáætlun þingsins. Það eru mikil vonbrigði hvað þessi vinna sóttist seint," segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna.

Katrín segir að ekki hafi náðst samstaða innan nefndarinnar um breytingar á tillögum stjórnarskrárnefndar eftir að umsagnir um frumvarpsdrögin tóku að berast. „Við ákváðum að skila af okkur því sem við sendum til umsagnar með þeim breytingum sem var samstaða um. Við teljum að það eigi eftir að fara fram miklu ítarlegri umræða um ákveðna þætti sem við hefðum viljað gera í samræmi við umsagnirnar."

Frumvörpin sem stjórnarskrárnefnd lagði fram eru þrjú. Þau fjalla um þjóðareign á náttúruauðlindum, umhverfis- og náttúruvernd og þjóðaratkvæðagreiðslur að kröfu kjósenda. Katrín telur að inn í náttúruverndarhlutann vanti grein um vernd ósnortinna víðerna. „Síðan liggur fyrir að þessir þröskuldar í ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu eru nokkuð háir."

Birgir Ármannsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í nefndinni, segir óvissu um framhald málsins. „Það má segja að stjórnmálaástandið og þær vendingar sem urðu í vor geri það að verkum að málið er komið í annað samhengi vegna yfirvofandi kosninga."

> Það eru mikil vonbrigði hvað þessi vinna sóttist seint.
>
> Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna



Hann segir hörð viðbrögð við frumvarpsdrögum í febrúar, sérstaklega frá Pírötum og Samfylkingu, líka geta sett strik í reikninginn. „Nefndin var komin á ákveðinn endapunkt í sínu starfi og á þeim forsendum skiluðum við niðurstöðum til forsætisráðherra. Það gerum við vitandi vits að framhaldið er í mikilli óvissu."

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í útvarpsþættinum Sprengisandi þann 8. maí síðastliðinn að eitt kosningamála flokksins væri stöðugleiki. „Í því felst meðal annars að það verði ekki kollvarpað hér kerfum, það verði ekki tekin upp frá grunni ný stjórnarskrá," sagði Bjarni þá.

Birgir segir þetta í samræmi við stefnu Sjálfstæðisflokksins. „Við höfum alltaf nálgast málið með þeim hætti að það væri rétt að fara í endurskoðun sem væri áfangaskipt og miðað að því að ná sem mestri samstöðu um þær breytingar sem gerðar yrðu."

Samkvæmt skilabréfi nefndarinnar voru fjögur málefni í forgangi nefndarinnar. Aðeins eitt þeirra datt út en það var framsal valdheimilda í þágu alþjóðasamvinnu. Framsal valdheimilda er álitið nauðsynlegt til að Ísland geti orðið aðili að Evrópusambandinu. Engin sátt náðist um það atriði. snaeros@frettabladid.is




Krafan um nýja stjórnarskrá hefur verið hávær frá hruni árið 2008. Árið 2012 samþykkti meirihluti kjósenda drög að nýrri stjórnarskrá eftir tillögum stjórnlagaráðs. Ekki var vilji til að samþykkja þær tillögur á Alþingi. Tillögur stjórnlaganefndar eru mun umfangsminni en breytingar stjórnlagaráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hvaða breytingar yrðu á stjórnarskrá?

**Samkvæmt frumvörpum stjórnarskrárnefndar yrðu eftirfarandi breytingar gerðar:**

- Auðlindir Íslands ber að nýta á sjálfbæran hátt. Ríkið hefur eftirlit með meðferð og nýtingu auðlinda
- Náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti eru þjóðareign. Aldrei má selja gæðin eða veðsetja og enginn fær þau til varanlegra afnota
- Gjald skal tekið fyrir nýtingu náttúruauðlinda sem eru þjóðareign. Nýtingarheimildir eru aldrei óafturkallanlegar og leiða ekki til varanlegs eignarréttar
- Sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við náttúruvernd
- Almenningur hefur rétt til upplýsinga um umhverfi sitt og áhrif framkvæmda á það
- 15 prósent kosningabærra manna geta krafist þess að nýstaðfest lög og þingsályktanir verði borin undir þjóðina í bindandi atkvæðagreiðslu. Fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum eru undanskilin þessari reglu
- Til að hnekkja lögum Alþingis þarf meirihluti í atkvæðagreiðslu að samþykkja það og samsvara 25 prósent kosningabærra manna. Það þýðir að til þess að hnekkja lögum þarf kosningaþátttaka að vera meira en 50 prósent og meirihluti kjósenda að synja lögum gildingu








Abdalah-fjölskyldan var prúðbúin í veislu þegar hún fagnaði því að föstumánuðinum Ramadan er lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Múslimar fagna Eid al-Fitr

**SAMFÉLAG** Ramadan er lokið, föstumánuði múslima. Á Ramadan sýna múslimar Allah undirgefni sína með því að fasta í einn mánuð. Þá tíðkast einnig að huga að þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu.

Eid al-Fitr er síðasti dagur Ramadan. Þá eru oft mikil hátíðarhöld, átveislur og bænahald. Auk þess sem venja er að gefa gjafir á þessum degi. Það er misjafnt í heiminum hvenær og hvernig hátíðin er haldin en Félag Múslima gladdist saman á miðvikudag. Þangað mætti Abdalah-fjölskyldan prúðbúin í veislu ásamt fjölda annarra múslima. – kbg


☆ Tenerife ☆ Kanarí ☆ Mallorca ☆ Almeria ☆ Benidorm, Albír, Alicante
SÓLARHRINGUR SUMARFERÐA
SÓLARHRINGSTILBOÐ
á valdar brottfarir í sumar.
Hefst í dag föstudaginn 8. júlí kl. 09:00
BENIDORM
FRÁ: 89.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn á Melia Benidorm tvíbýli með hálfu fæði. Verð 119.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 12. júlí – 1 vika.
ALMERÍA
FRÁ: 64.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Golf Center íbúð með einu svefnherbergi. Verð 84.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 25. ágúst – 1 vika.
*Innifalið: Flug, flugvallaskattar, 20 kg taska, handfarangur, gisting og íslensk fararstjórn.
MALLORCA
FRÁ: 109.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Vista Club íbúð með einu svefnherbergi. Verð 166.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 19. júlí – 2 vikur.
KANARÍ
FRÁ: 79.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn á Parque Cristobal smáhýsi með einu svefnherbergi. Verð 104.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 13. júlí – 1 vika.
KÍKTU Á SUMARFERDIR.IS OG BÓKAÐU ÞÍNA FERÐ Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI. FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!
Kanarí
13., 20. & 27. júlí
17. & 24. ágúst
Mallorca
19. júlí
9. & 16. ágúst
Almería
21. júlí
18. & 25. ágúst
Benidorm, Albír & Alicante
12., 15. & 19. júlí
16. & 30. ágúst
Tenerife
20. & 27. ágúst
Gildir aðeins með nýjum bókunum
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar

## Föngum líður vel í klaustri

**SVÍÞJÓÐ** Fangar í Svíþjóð, sem hafa verið dæmdir til að minnsta kosti fimm ára fangelsisvistar, geta fengið að taka þátt í eins konar klausturstarfsemi á vegum tveggja fangelsa eftir að hafa áður fengið andlega leiðsögn á kyrrðardögum. Verkefnið hófst 2008 og er sagt einstakt á heimsvísu.

Klausturbræðurnir vinna eða stunda nám að deginum. Þeir koma saman til bæna þrisvar á dag og lesa í Biblíunni einu sinni í viku. Ekki skiptir máli hverrar trúar fangarnir eru eða hvort þeir eru trúleysingjar. Þátttakendur eru einkum miðaldra og eldri fangar sem eru orðnir þreyttir á glæpum og vilja gera breytingar á lífi sínu.

Rannsókn hefur leitt í ljós að klausturlífið dregur úr streitu og ofbeldi. **– ibs**




**Theresa May þykir nú líklegust til að verða leiðtogi breska Íhaldsflokksins og þar með forsætisráðherra Bretlands.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Kosið verður milli May og Leadson

**BRETLAND** Annaðhvort Theresa May eða Andrea Leadson verður leiðtogi breska Íhaldsflokksins eftir að David Cameron hættir í haust.

Flokksfélagar kjósa á milli kvennanna tveggja og verður skýrt frá niðurstöðu kosningarinnar á landsþingi flokksins í haust.

Michael Gove féll út í seinni umferð leiðtogakjörs meðal þingmanna flokksins, sem fram fór í gær. Hann hafði boðið sig fram gegn félaga sínum, Boris Johnson, sem í kjölfarið hætti við framboð.

May fékk atkvæði 199 þingmanna og þykir líklegri til sigurs en Leadson, sem fékk 84 atkvæði.

Cameron boðaði afsögn sína eftir að Bretar höfðu samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu í síðasta mánuði að segja sig úr Evrópusambandinu. **– gb**



**Fólk hefur safnast saman í bænum Baton Rouge í Luisiana til að mótmæla lögregluofbeldi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Skotinn við hlið kærustunnar

**Enn á ný hafa bandarískir lögreglumenn komist í kastljós fjölmiðla fyrir að drepa þeldökka menn að ástæðulausu. Í fyrrakvöld var Philando Castile skotinn í Minnesota, daginn áður Alton Sterling í Louisiana.**

**BANDARÍKIN** Í hverjum mánuði verða hvítir lögregluþjónar í Bandaríkjunum tugum þeldökkra manna að bana. Um þriðjungur þeirra er vopnlaus og ekki grunaður um nein afbrot. Sjaldnast hljóta lögreglumennirnir dóma fyrir verk sín.

Í fyrrakvöld mátti sjá í beinni útsendingu á Facebook þegar lögreglumaður í Falcon Heights, einu úthverfa St. Paul í Minnesota, skaut Philando Castile fjórum skotum, þar sem Castile sat í bifreið sinni ásamt kærustu sinni.

Lögreglumaðurinn hafði stöðvað bifreið þeirra vegna þess að annað afturljósið var bilað. Castile tilkynnti lögreglumanninum að hann væri með skotvopn í fórum sínum, en væri með leyfi til þess. Hann var að ná í skilríki í vasa sinn þegar lögreglumaðurinn hóf skothríðina. Fjögurra ára dóttir kærustu hans var einnig í bílnum.

Á upptökunni heyrist lögreglumaðurinn hrópa að kærustu Castiles: „Ég sagði honum að ná ekki í það. Ég sagði honum að taka höndina út.“

Hún svarar: „Þú sagðir honum að ná í skilríkin, herra, ökuskírteinið sitt. Guð minn góður, ekki segja mér að hann sé dáinn.“

Kærastan, sem heitir Diamond Reynolds, tók þetta allt saman upp með símanum sínum og sendi út á Facebook. Lögreglumaðurinn reyndi ekki að stöðva upptökuna og það gerðu heldur ekki aðrir lögreglumenn, sem komu á staðinn.

Castile var 32 ára gamall yfirmaður í skólamötuneyti í St. Paul.

Í gær safnaðist fjöldi fólks saman í bænum Baton Rouge í Louisiana, þar sem hinn 37 ára gamli Alton Sterling féll fyrir byssuskotum frá lögreglunni á þriðjudag.

Rétt eins og Castile var Sterling dökkur á hörund. Lögreglan hafði afskipti af honum þar sem hann stóð á bílastæði að selja geisladiska, rétt eins og hann hafði gert reglulega árum saman.

Lögreglan kom eftir að heimilislaus maður hafði hringt í neyðarlínuna til að tilkynna að Castile hafi hótað sér með skotvopni. Heimilislausi maðurinn hafði verið að biðja Castile um pening og Castile hafi þá sýnt honum byssuna.

Af farsímaupptökum, sem birst hafa í fjölmiðlum, má ekki merkja að Castile hafi verið með byssu sína á lofti þegar lögreglan skaut hann.

**gudsteinn@frettabladid.is**

**4095**

**manns hafa fallið fyrir byssuskotum bandarískra lögreglumanna frá árinu 2013, samkvæmt samantekt á vefnum mappingpoliceviolence.org**



**Þingmenn á þjóðþinginu í Berlín greiða atkvæði um nýju lögin.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Þingið samþykkir að nei þýði nei

**ÞÝSKALAND** Framvegis verður hægt að dæma einstaklinga fyrir kynferðislegt ofbeldi í Þýskalandi ef ljóst þykir að fórnarlamb glæpsins hafi mótmælt, jafnvel þótt hvorki hafi verið beitt líkamlegu ofbeldi né augljósum hótunum.

Lagabreyting þessa efnis var samþykkt í gær og þar með tók þýska þjóðþingið af skarið um að „nei þýði nei“. Konur jafnt sem karlar hafi skýlausan rétt til þess að stjórna sér sjálf í kynferðislegum samskiptum.

Með þessu er þingið ekki síst að bregðast við atburðunum í miðborg Kölnar og víðar í þýskum stórborgum síðastliðna nýársnótt, þegar fjölmargar konur urðu fyrir því að hópar manna réðust að þeim, káfuðu á þeim og stálu frá þeim verðmætum.

Dómstólar hafa átt erfitt með að fella dóma í málum af því tagi vegna þess að konurnar hafi við þessar aðstæður oft ekki treyst sér til þess að spyrna á móti ofureflinu. **– gb**

## Majorkabúar þreyttir á ferðamönnum

**MALLORKA** Íbúar Majorka í Miðjarðarhafi eru orðnir pirraðir á sívaxandi fjölda ferðamanna á eyjunni. Samkvæmt frétt norska ríkisútvarpsins má sjá letrað á húsveggi í gamla bænum í Palma að ferðamenn séu hryðjuverkamenn og að þeir eigi að fara heim.

Íbúarnir kvarta undan því að húsnæðisverð hafi hækkað vegna komu ferðamanna og að nær ómögulegt sé að finna laus bílastæði auk þess sem hefðbundin bæjarmynd sé að eyðileggjast.

Af ótta við hryðjuverk fara nú færri ferðamenn til Norður-Afríku og Tyrklands. Fleiri leggja leið sína til Majorka og er búist við að þangað komi yfir 10 milljónir ferðamanna í ár eða rúmri milljón fleiri en í fyrra. Einn ágústdag í fyrra voru ferðamennirnir á Majorka ein milljón, eða jafnmargir og íbúar eyjunnar.

Um 40 prósent kaupenda íbúðarhúsnæðis á Majorka eru útlendingar samkvæmt frétt norska ríkisútvarpsins sem vitnar í þýsku fasteignasöluna Engel & Voelkers. **– ibs**



**Búist er við yfir 10 milljónum ferðamanna til Mallorka í ár.** NORDICPHOTOS/GETTY

markhönnun ehf

netto

# Nýtt í Nettó

## LÍFRÆNIR ORKUDRYKKIR




Hi ball er fullkominn fyrir neytendur sem eru að leita af bragðmeiri, lífrænum orkudrykk.

## SYKURLAUSIR ORKUDRYKKIR

Sykurlausi orkudrykkurinn frá Hi ball iniheldur meðal annars: Kolsýrt vatn, náttúruleg bragðefni, lífrænt koffín, lífrænt guarana þykkni og lífrænt panax ginseng þykkni.







## KALDIR KAFFIDRYKKIR

Er fullkomið orkuskot hvaða tíma dags. Drykkurinn inniheldur 100% Arabica lífrænar fair trade kaffibaunir.

hi★ball® ENERGY

Hiball Energy vörur innihalda lífræn efni með blöndu af guarana, ginseng og koffíni.

**www.netto.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is





Birgitta Jónsdóttir segir lítið eftirlit með því að stofnanir fylgi vilja ráðherra og nefnir Útlendingastofnun í því samhengi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Lýðræði er stundum svolítil tík

**Birgitta Jónsdóttir þingmaður Pírata vill sjá breytt vinnubrögð á Alþingi. Hún segir samskiptavanda flokksins hafa stafað af röngum ályktunum sem flokksmenn drógu, en málið hafi verið leyst á farsælan hátt.**

Við höfðum sannarlega viljað hafa Helga Hrafn áfram en ég virði ákvörðun hans um að taka sér smá hlé frá þingstörfum," segir Birgitta Jónsdóttir, Pírati.

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður flokksins, tilkynnti á dögunum að hann hygðist ekki gefa kost á sér í komandi kosningum. Helgi hefur átt miklum vinsældum að fagna og sumir hafa talað um blóðtöku fyrir flokkinn.

„Ég held það sé mikilvægt að líta á Pírata eins og margir líta á landsliðið. Þar er engin ein stjarna, heldur kunna þeir að vinna saman og eru liðsheild. Enginn er mikilvægari en annar. Við megum ekki láta þetta snúast um einstaklinginn heldur málefnin. Helgi er vel liðinn alls staðar, og sama með Jón Þór [Ólafsson]. Fjölmiðlar hífðu þá upp sem nýju tegundina af stjórnmálamönnum og ég er sammála því. En stjórnmálamanneskja er bara venjuleg manneskja, þú breytist ekki og verður að umskiptingi þegar þú ferð inn. Það er frekar kerfið sem þrýstir þér inn í einhverja umgjörð."

### Drógu rangar ályktanir

Fjallað hefur verið um samskiptavanda innan flokksins. Raunar hafa sumir haldið því fram að brotthvarf Helga hafi haft með samskiptavandann að gera. Píratar tala opinskátt um málið.

„Flokkurinn var að stækka ört, Jón Þór að hætta, nýr þingmaður að koma inn. Á sama tíma var gerð krafa á okkur um að vera aðgengileg grasrótinni og fjölmiðlunum. Við fengum allt í einu mikla athygli og það voru gerðar miklar kröfur. Við gáfum okkur aldrei tíma til að setjast niður og ræða verkferla. Þannig byrjaði að skapast eitthvað sem er mjög algengt – að draga rangar ályktanir. Um leið og við settumst niður í fyrsta tíma með vinnustaðasálfræðingi, föttuðum við hvar vandamálið lá. Við vorum byrjuð að draga ályktanir um hluti sem áttu sér enga stoð í raunveruleikanum. Ég held þetta sé algengt í samskiptum fólks, að eiga náin samskipti en setjast aldrei niður og ræða á hvaða vegferð það sé."

Hún segir mikinn misskilning hafa ríkt um hin ýmsu mál. „Þetta var orðið þannig á tímabili að það var eins og við værum með fjórtán manns í hlutastarfi við að taka ákvarðanir um minnstu hluti - sem ein manneskja ætti að geta gert."

*Var of mikið lýðræði?* Birgitta hlær. „Það sem misskilst svolítið með lýðræði, er að lýðræði gengur ekkert endilega út á algjört kaos, að enginn beri ábyrgð. Það er alltaf einhver sem pantar pitsuna, þó að lýðræði snúist um hvað á að vera á henni, hvort eigi að skipta henni í fjóra hluta eða hvað, þá er alltaf einhver sem safnar peningunum og ber ábyrgð á því að ná í pitsuna. Það hefur skort svolítið að fólk átti sig á að þegar maður er með flatan strúktúr er samt alltaf einhver sem tekur ábyrgð og stendur og fellur með sínum ákvörðunum. Sá er með umboð og traust til þess að taka ákvörðunina. Svo erum við með of hraðar róteringar á framkvæmdaráði, sem er ekki pólitískt ráð en á bara að sjá um að hlutir séu framkvæmdir. Það hefur verið umræða um hvort eigi að hafa miðstjórn."

### Ólíklegt að fylgið haldi

Píratar mælast stærsti flokkurinn í skoðanakönnunum, þó að fylgi þeirra hafi aðeins dalað undanfarið. *Telur þú að fylgið haldi sér fram að kosningum?* „Mér finnst ólíklegt að við náum svona miklum stuðningi þegar fólk fer á kjörstað. Það er mikið af ungu fólki sem styður okkur og það er erfiðara að fá ungt fólk á kjörstað. Þess vegna verðum við að beita sömu aðferðum og Sjálfstæðisflokkurinn, fara að sækja fólk og keyra það á kjörstað," segir Birgitta hlæjandi. „Síðan er stór hópur af óákveðnum og ég held að það verði ekkert að marka skoðanakannanir fyrr en liggur fyrir hverjir ætla fram fyrir hverja."

### Ekki einn gargandi haugur

*Nú er fólki tíðrætt um ásýnd Alþingis. Þurfa þingmenn að vera kurteisari?* „Þetta snýst ekki um það. Ásýnd Alþingis er mikið í höndunum á fjölmiðlamönnum, og þeir velja að sýna frá átökum," segir hún. „Það er verið að reyna að ná því fram að þetta sé einn gargandi haugur af fólki sem getur ekki unnið saman. Það er ekki þannig. Auðvitað tekst fólk á og það eru miklar tilfinningar," segir hún. „Ég get fullyrt að það sem laga þarf á Alþingi snýr ekki að þessu. Það þyrfti raunverulegan forseta Alþingis, sem væri forseti alls Alþingis, sem setur stólinn fyrir dyrnar þegar ríkisstjórnin valtar yfir þingið og kemur með málin alltof seint, illa unnin og þingið þarf að fara að greiða atkvæði blindandi um mikilsverð mál. Þingið er alltaf að laga og breyta frumvörpum sem eiga að koma tilbúin inn á þing en þau eru það ekki," útskýrir hún.

„Og hvernig stendur á því að maður veit ekki hvað er á dagskrá þingsins fyrr en kvöldið áður? Hvernig á maður að vera góður þingmaður, ef maður getur ekki verið undirbúinn? Við erum að fjalla um lögin sem þið þurfið að lifa eftir. Ef það er eitt orð sem er á röngum stað getur það haft alvarlegar afleiðingar."

### Vildi opið prófkjör um allt land

*Nú þegar líður að kosningum – eruð þið hrædd við lukkuriddara?* „Ég er ekki hrædd við neina lukkuriddara. Það má enginn auglýsa í kringum prófkjör. Við erum með jafnræðisreglu þegar kemur að því að hjálpa fólki að kynna sig. Ég var að vonast til að við myndum vera með opið prófkjör um allt land en við verðum með opið prófkjör í báðum Reykjavíkurkjördæmunum og í Suðvestur, saman. Það er tilraun. En allir sem hafa verið skráðir í Pírata í meira en 30 daga geta tekið þátt í prófkjöri. Ég hefði viljað fá landsbyggðina með í opið prófkjör, en hef ekki áhyggjur af því að einhverjir ætli að taka yfir einhver félög. Við megum ekki loka okkur inni í litlum mengjum."

### Vildi sporna við misnotkun

*En þú hafðir áhyggjur af því að frjálshyggjumenn tækju yfir Pírata?* „Ekki varðandi prófkjör. Ég hafði áhyggjur af því að inni á Facebook-síðu Frjálshyggjufélagsins voru leiðbeiningar um hvernig ætti að skrá sig inn í stefnumótunarkerfið okkar til að búa til stefnu í frjálshyggjuanda. Við höfum tekið eftir að það er mjög auðvelt fyrir hvern sem er að skrá sig inn í Pírata, leggja fram stefnu, hún fer inn í kosningakerfið okkar og án mikillar umræðu. Ég vildi bara á afgerandi máta sporna við að verið væri að misnota kosningakerfið okkar. Mér finnst mikilvægt að ná breiðri samstöðu innan grasrótarinnar um okkar stefnumál."

*Er það ekki óumflýjanlegur galli við stefnumótunarkerfið ykkar, að fólk mun reyna að hafa áhrif á hana – í annarlegum tilgangi jafnvel?* „Jú, jú, eins og einhver sagði, lýðræði er stundum svolítil tík eins og pólitík. Þú getur ekki og átt ekki að múra þig inn í ótta. Þegar svona kemur upp þurfum við bara að díla við það. Það hafa aðrir hópar reynt að hafa áhrif á kosningakerfið okkar. Stundum þarf maður bara að vekja fólk með því að henda inn svona bombu, og það er stundum mitt óskemmtilega hlutverk. Ég hef breitt bak og þoli alveg ef ég fæ á mig árásir fyrir vikið. En ég hefði örugglega getað gert þetta betur. Ég myndi gera þetta á annan hátt, vera varkárari. En ég er bara manneskja og geri alls konar mistök. Ég baðst velvirðingar á því hvernig ég stóð mig í þessu."

### Viðstöðulaus vonbrigði

Birgitta vill að fólk fái að vita fyrir kosningar hvaða flokkar gætu hugsað sér að vinna saman fengju þeir umboð. „Ég myndi vilja að stjórnarsáttmálinn lægi fyrir. Þessi hugmyndafræði um að hér sé flokkur, það sé búið að vinda því inn í eitthvað sem er með einhver stefnumál og fái flokkurinn 100% stuðning geti hann framfylgt þessari stefnu, á sér enga stoð í raunveruleikanum. Fólk verður viðstöðulaust fyrir vonbrigðum eftir kosningar. Maður á að vita fyrirfram hvaða stefnumál flokkarnir ætla að gefa eftir í stjórnarsáttmála."

> En ég er bara manneskja sem geri allskonar mistök. Ég baðst velvirðingar á því hvernig ég stóð mig í þessu.

### Vill valdefla þingið

Hún vill efla þingið. „Hvernig getum við búið til traust á Alþingi? Það hefur ekkert að gera með þetta sett af þingmönnum sem er núna. Maður horfir á fólk sem fer inn í þingheiminn, ferskt með hugsjónir og kemur út eins og það sé búið að vinda því inn í eitthvað kerfi sem það ætlaði sér aldrei að vera hluti af. Þá hugsar maður: er kannski eitthvað að kerfinu?"

Hún segir ráðuneytin vinna í samkeppni hvert við annað um fjárlög í stað þess að vinna saman. „Og af hverju eru til stofnanir sem líta út fyrir að vera ekki endilega að framfylgja vilja ráðuneytanna?" Hún nefnir Útlendingastofnun sem dæmi.

„Það hefur komið skýrt fram að ráðherrann vildi taka öðruvísi á málum. Það voru sendar leiðbeinandi reglur sem þau voru ekkert endilega að framfylgja. Það komu upp mál sem voru ekki í anda þess sem var vilji ráðherrans og hvað gerir þá ráðherrann? Hvernig er hægt að tryggja að stofnun sé að framfylgja vilja ráðherra? Það er lítið eftirlit með því að stofnanir framfylgi nýjum lagasetningum. Ég hefði áhuga á að skoða það og reyna að laga."

### Furðulegt að ráða flokksgæðinga

Hún myndi vilja námskeið fyrir nýja ráðherra. „Námskeið um hvernig maður verður góður ráðherra. Mér finnst furðulegt, að ráðherra ráði ekki bestu mögulega fagmanneskju í málaflokknum, sem hann ætlar að leggja höfuðáherslu á, sem sinn aðstoðarmann, sem er nánast skuggaráðherra. Þú getur ekki verið sérfræðingur í öllu. Maður horfir t.d. á núverandi heilbrigðisráðherra; auðvitað er hann enginn sérfræðingur í stjórnskipan heilbrigðismála eða öllu sem fellur undir þennan risa málaflokk. Þá á hann að vera með bestu fagmanneskjuna sem aðstoðarmann svo hann fái beint í æð þessi faglegu sjónarmið. Maður horfir á aðstoðarmenn ráðherra og skilur ekki af hverju þetta fólk er ráðið. Það lítur út eins og það séu ráðnir flokksgæðingar en ekki bestu mögulegu fagaðilar."

*Þið hafið talað fyrir því að ráða hreinlega fagráðherra?* „Já, og ef þingmaður Pírata verður ráðherra segi hann af sér þingmennsku á meðan. Ég held það væri best að hafa hæfilega blöndu af hvoru tveggja."

### Yrði ekki góður ráðherra

Sjálf hefur hún ekki áhuga á að verða ráðherra.

„Ég held ég yrði ekkert sérstaklega góður ráðherra. Ég er með hugsjónir í því hvernig ég get lagað Alþingi. Nú vil ég ekki gefa mér það að ég verði í þeirri stöðu að geta valið um embætti, en ef ég yrði í þeirri stöðu yrði það svo sterkt að velja að verða forseti Alþingis frekar en að verða forsætisráðherra. Til þess að valdefla Alþingi. Ég skora á hvern þann sem hefur möguleika á að verða forsætisráðherra að velja að verða forseti Alþingis. Það á ekki að vera einhver afgangsstærð."

**visir.is** Viðtalið má hlusta á í lengri útgáfu á Vísi, í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið.

# GARÐVEISLA FTT

**TÓNLEIKAR Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM**

**FÖSTUDAGINN 8. JÚLI KL. 20.30**

Í KVÖLD !

# SAMARIS

# ÚLFUR ÚLFUR

# GLOWIE

***AÐGANGUR ÓKEYPIS!***

ftt FÉLAG TÓNSKÁLDA & TEXTAHÖFUNDA

365

FRÉTTABLAÐIÐ

Reykjavíkurborg

ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON

LINLOE

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

## Jákvætt skref



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Útlendingastofnun og IOM, Alþjóðafólksflutningastofnunin, undirrituðu á miðvikudag samning um að hælisleitendur, sem eiga ekki rétt á vernd hér á landi, geti snúið aftur heim í öruggar aðstæður án aðkomu lögreglu og án aðkomu stjórnvalda og fái jafnvel til þess fjárstuðning.

Eftir afar erfiðan vetur þar sem hver fréttin rak aðra af ómannúðlegri meðferð í garð hælisleitenda, tók steininn úr í síðustu viku þegar hælisleitendur voru leiddir út úr kirkju af lögreglu með töluverðu offorsi, hvað svo sem fólki síðan finnst um þann gjörning kirkjunnar. Í þessu ljósi er samningurinn að mestu góðar fréttir.

Mikið hefur skort á mannúð þegar hælisleitendur hafa þurft að yfirgefa landið þar sem þeir falla ekki undir samning Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna eða ef þeir geta ekki eða vilja ekki setjast að hér á landi. Lögreglufylgd í skjóli nætur hefur verið meginreglan, í aðstæðum þar sem fyrir liggur að fólk hefur lagt á sig mikið erfiði í leit að betra lífi og kostað til töluverðum fjármunum til að komast hingað til lands. Í kjölfarið er það oft illa statt fjárhagslega og að því leyti getur þessi aðstoð hjálpað mikið.

Í samtali við fréttastofu Bylgjunnar í gær sagði Björn Teitsson, upplýsingafulltrúi Rauða krossins, að þetta geti auðveldað fólki að komast til síns heimalands eða á öruggan stað. „Þá með að minnsta kosti eitthvað á milli handanna til að hefja nýtt líf.“ Björn sagði að það væri ósk Rauða krossins að flestir þeirra umsækjenda fengju jákvæða niðurstöðu úr sinni málsmeðferð. En þetta væri engu að síður ákveðin bót fyrir það fólk sem á annað borð þarf að fara og getur ekki verið hér og þeirra sem vilja fara.

Samkvæmt upplýsingum úr innanríkisráðuneytinu eru verkferlar og fyrirkomulag á þessum málum reglulega til skoðunar með umbætur að leiðarljósi, og er samningurinn dæmi um þá vinnu. Auk þess geta fórnarlömb mansals, fylgdarlaus börn eða fólk með heilsufarsbrest átt rétt á sömu aðstoð, en þeir hópar eru líkast til oftast í sömu fjárhagserfiðleikunum þegar þeim er gert að fara héðan.

Þetta jákvæða skref sem verið er að taka má þó aldrei verða friðþæging fyrir þá hörðu útlendingastefnu sem Íslendingar hafa haldið úti til þessa. Það er algjörlega óviðunandi að við látum herma það upp á okkur, sem búum í þessu fyrirmyndar velferðarsamfélagi, að við sendum fólk á flótta aftur í óviðunandi aðstæður og skýlum okkur á bak við Dyflinnarreglugerðina. Heimild Dyflinnarreglugerðarinnar til að endursenda hælisleitendur til þess Schengen-ríkis sem þeir komu fyrst til er eðli málsins samkvæmt heimild – ekki skylda. Samt sem áður er hún miskunnarlaust notuð af Útlendingastofnun til þess að senda hælisleitendur úr landi, í algjöra óvissu.

Aftenging Dyflinnarreglugerðarinnar væri hið eina rétta jákvæða skref í málaflokknum.

**Þetta jákvæða skref sem verið er að taka má þó aldrei verða friðþæging fyrir þá hörðu útlendingastefnu sem Íslendingar hafa haldið úti til þessa.**





## Halldór





## Frá degi til dags

**Niðurtúr hjá Framsókn**

**Framsókn húrrar niður í fylgi samkvæmt nýrri könnun MMR og mælist nú með 6,4 prósent. Spunameistarar flokksins sitja hörðum höndum við að raða oddvitum flokksins því fyrir liggur að efstu sætin í Reykjavík norður og suður eru laus. Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra á sætið öruggt en skrafað er um það innan flokks að óvíst sé hvort hún bjóði sig fram. Það væri áfall enda er Lilja vonarstjarnan og virðist njóta virðingar þvert á flokka. Vinsældir Gunnars Braga í eigin kjördæmi höfðu dvínað sem gaf Ásmundi Einari tækifæri til að hreppa oddvitasætið en sú staða gæti hafa breyst eftir að Gunnar tók við landbúnaðarráðuneytinu. Staða Sigmundar Davíðs formanns er alveg óljós en ef hann dregur upp úr skjalatöskunni veglegt kosningaloforð gæti hann bundið enda á niðurtúrinn og komið Framsókn í sókn.**

**Jafn stór Sturlu**

**Björt framtíð er hins vegar löngu þurrkuð út af þingi ef marka má kannanir. Könnun MMR sýnir flokkinn með 2,9 prósent. Sturla Jónsson mælist með tveggja prósenta fylgi en munurinn á þessum tveimur flokkum er innan vikmarka. Það er enda kominn nýr Evrópusinnaður flokkur örlítið hægra megin við miðju. Viðreisn er á góðri siglingu upp á við og nú bendir allt til þess að flokkurinn sigli inn á þing. Viðreisnar bíður björt framtíð.** snaeros@frettabladid.is

## Látum vegakerfið ekki grotna niður



Helga Árnadóttir
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Á sameiginlegum fundi Vegagerðarinnar og Samtaka ferðaþjónustunnar sem haldinn var fyrir skömmu kom fram að innan Vegagerðarinnar er nú unnið að því að reikna út verðmæti vegakerfis landsins. Fyrstu niðurstöður benda til að verðmæti þess geti verið á bilinu 600-700 milljarðar króna, þ.e. vegir, brýr, jarðgöng og stofnbrautir. Deila má um hver „rétt afskrift“ er af áætlaðri fjármunaeign, en ef stuðst er við þriggja prósenta afskrift eins og Hagstofa Íslands gerir, þyrfti að verja um 19-21 milljörðum króna á ári til að viðhalda verðmætum í vegakerfinu. Í samgönguáætlun er aftur á móti gert ráð fyrir 6-7 milljörðum króna í viðhald í ár og á næsta ári, eða þrefalt lægri fjárhæð en þyrfti.

Vegakerfið er á mörgum stöðum löngu komið að þolmörkum og á sumum stöðum er það hreinlega ónýtt. Það er illa farið með eignir okkar landsmanna að láta þær rýrna með ónógri endurnýjun.

Gott, greiðfært og hagkvæmt samgöngukerfi kemur öllum til góða. Fyrir ferðaþjónustuna er vegakerfið grundvöllur þess að dreifa ferðamönnum um landið til að allir landshlutar njóti góðs af fjölgun þeirra.

Fjölgun ferðamanna hefur verið sannkölluð vítamínsprauta fyrir efnahag landsins. Á síðasta ári námu gjaldeyristekjur af ferðaþjónustunni tæplega 370 milljörðum króna. Samkvæmt Hagstofu Íslands var fjöldi launþega í atvinnugreinum sem tengjast ferðaþjónustu um tíu prósent af heildarfjölda starfa.

Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga alls voru um 292 milljarðar króna. Það munar um tíu prósent þeirra skattþegna. Til viðbótar námu heildartekjur af bensíngjaldi, kílómetragjaldi, olíugjaldi og bifreiðagjöldum um 22 milljörðum króna og þar skipta flutningar tengdir ferðaþjónustunni mestu.

Góðar samgöngur eru ein af grunnstoðum þess að ferðamenn haldi áfram að skila þjóðarbúinu miklum og vaxandi tekjum. Því ber að fagna nýlegum orðum fjármálaráðherra, sem segist vilja stórefla alla innviðauppbyggingu. En orðum þurfa að fylgja athafnir, við verðum að tryggja sómasamlegt viðhald. vegakerfisins.

**Í samgönguáætlun er aftur á móti gert ráð fyrir 6-7 milljörðum króna í viðhald í ár og á næsta ári, eða þrefalt lægri fjárhæð en þyrfti.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Tröllin, trúin og tómleikinn

Í DAG



Bergur Ebbi

Fólk sem siglir undir fölsku flaggi á netinu og setur inn komment gagngert til að espa upp aðra er kallað tröll. Hugsunin að baki orðinu er væntanlega sú að rétt eins og tröllin í þjóðsögunum urðu að steini þegar sól skein á þau þá hverfa net-tröllin um leið og leyndar nýtur ekki við. Þau eru ekki til í alvörunni. En kannski eru þau til því óttinn og skaðinn sem þau valda er raunverulegur. Hversu margar vinnustundir ætli hafi tapast vegna tilgangslausra skoðanaskipta á netinu sem engin meining var á bak við? Eða verra, hversu margir ætli hafi tapað geðheilsunni eða jafnvel fyrirfarið sér vegna netofsókna sem voru byggðar á engu? Gilitrutt er kannski hræðileg saga en fólk var ekki að missa vinnuna eða kála sér af hræðslu. Nýju tröllin eru miklu verri og kannski er þetta handónýtt heiti, svona þegar maður hugsar um það.

En hvers vegna er fólk að trolla? Ég held við þurfum að horfa á viðfangsefnið mjög heildstætt til að ná að svara þeirri spurningu. Vonandi hafið þið lesendur þolinmæði í aðeins dýpri hugleiðingar.

**Söluver Nova góðan dag**

Nútíma heilsuhæli eiga rætur sínar að rekja til 19. aldar. Á þeim tíma voru það einkum hinir efnameiri sem leyfðu sér þann munað að kúpla sig úr daglegu amstri til að hreinsa hugann og njóta náttúrunnar. Þannig voru heilsuhælin auglýst; sem skjól undan ágangi hins hraða og klikkaða nútíma. Þetta var fyrir meira en 100 árum og mörgum þótti nútíminn allt of klikkaður með sínar gufuvélar, hestvagna og dagblöð. Sumir urðu vitlausir í þessum klikkaða heimi, fóru út á götu með pípuhatta sína og byrjuðu að spangóla undan álagi og hraða „nútímans“. Hvað ætli þessar týpur hefðu enst lengi í dag með 30 notifications á mínútu og Guð steindauðan?

Fólk tók hlutum alvarlega í gamla daga. Það þurfti að melta upplýsingar. Ef of mikið af upplýsingum var dælt á fólk brann það yfir eins og sex ára Acer-fartölva með viftuna í botni. Þessu hefur nútímamaðurinn fundið lausn á og hún er einföld: að vera sama um allt. Mest af því sem maður heyrir er bara eitthvað kjaftæði hvort sem er. Eitthvað um tengsl kókosolíu og einhverfu í börnum. Þetta er allt orðið að sultu í höfði manns. Á 19. öld voru allar upplýsingar teknar til greina. Það krafðist einbeitingar sem tók á. Ef söluver Nova myndi hringja í 19. aldar mann og demba á hann gagnamagnspakkatilboðum þá myndi hann öskra af einbeitingu stanslaust í gegnum allt símtalið og hugsanlega svipta sig lífi í kjölfarið. Það var meiri formfesta í gamla daga. Meira að segja brandarar voru stífir og langir og oftast bara um hest sem var vitlaust söðlaður en samt hló fólk hátt og mikið. Í dag eru brandarar stuttir og snjallir og fjalla oft um háleitar hugmyndir eins og trúarbrögð og fólk þarf að taka það sérstaklega fram skriflega ef það hlær, lol.

**Tott er gott / tot ist Gott**

Þetta tengir mig aftur að net-tröllunum. Rökræður um trúarbrögð er tröllaskapur í eðli sínu. Að rökræða trúarbrögð er eins og að leggjast á bringuna úti á gangstétt og taka sundtök í stað þess að ganga. Það er líklegt til að valda lítilsháttar skaða og fá skammvinna athygli án þess að það leiði til neins. Það sem ég er að tala um eru rökræður um hvort einhver hér á jörð eigi skilið völd vegna þess að hann starfi í umboði Guðs. Þar er ekkert að rökræða. Þeirri umræðu lauk fyrir meira en hundruð árum. Það hefur ekkert nýtt komið fram og búið að skrifa heil bókasöfn um málið. Enginn á jörðinni er eða hefur verið sonur Guðs. Hvorki Jesús, Múhammeð eða Kim Il-Sung. Rökræður munu engu breyta um hvort fólk trúi því eða ekki. Sprengingar, blóð, innblásin list, öskur, grettur eða sjálfíkveikjur gætu breytt því og hafa breytt því – en rökræður gera það ekki.

Að rökræða hinstu rök tilverunnar við trúað fólk er bara tröllaskapur. Það gerir það enginn af einlægni. Þetta er meira og minna esp og bensínskvett. Og ef einhver af minni kynslóð ætlar núna að rísa upp á afturlappirnar og segjast ósammála þá bara sé ég hann. Það er blöff. Fólk trollar vegna þess að það þráir að sjá eitthvað lífsmark. Það vill sjá hvort fólki sé eitthvað heilagt lengur. Ég held að við vitum miklu meira um tröllaskap en við þorum að segja. Kannski er þetta hluti af hinu þegjandi samkomulagi nútímans. Að halda kúli þó þjóðfélagsumræðan snúist um eitthvað allt annað en hún ætti að gera. Kinka bara kolli í gegnum kókosolíuna og árveknisátökin og taka það svo út með útúrsnúningum og espingum undir dulnefni á kvöldin. Lesa svo hneykslunarfréttir daginn eftir um hluti sem enginn er raunverulega hneykslaður á.

**Lokið augunum**

Að lokum. Til að halda því til haga þá er þetta allt 19. aldar gæjunum með pípuhattana að kenna. Það voru þeir sem drápu Guð og sendu okkur heim af akrinum, bjuggu til borgarastéttina sem er dæmd til að eyða ævi sinni í tilgangslaus hugðarefni, slúður og hjartveiki. Svo komu hipparnir með sína byltingu sem stefnt var til höfuðs borgurunum en var bara hedónismi í hugsjónadulargervi og nú erum við eins og blaðlaus njóli starandi á skjái, leitandi að næsta tilgangslausa hneykslismáli eða nýrri skuldbindingarlausri ríðingu. Ég er ekki að reyna að æsa neinn upp, ég bara missti kúlið eitt augnablik og sagði eitthvað sem mér finnst raunverulega um samtíma okkar. Þetta er mánudagspistill á föstudegi, haustljóð á vori. Stundum verður það að vera svo.

> **Rökræður um trúarbrögð er tröllaskapur í eðli sínu. Að rökræða trúarbrögð er eins og að leggjast á bringuna út á gangstétt og taka sundtök í stað þess að ganga.**

# Gerum betur



Hilmar Björnsson
íþróttastjóri RÚV

Hrannar B. Arnarsson skrifaði grein í Fréttablaðið 6. júlí með yfirskriftinni „Af hverju alltaf bara strákar?“ og gagnrýnir RÚV og Stöð 2 fyrir að fjalla ekki jafnt um stráka- og stelpumót í fótbolta. Áður en lengra er haldið vil ég benda á eftirfarandi: RÚV hefur sýnt frá stelpu- og strákamótum til jafns í fréttum RÚV í sumar.

Í grein sinni fullyrðir Hrannar að ekki hafi verið fjallað um tiltekin íþróttamót stúlkna en þar hleypur hann á sig því ef hann hefði kynnt sér málið betur hefði hann séð að RÚV fjallaði svo sannarlega um þessi tilteknu mót í fréttum sínum. Leiðréttist það hér með.

Umræðan um kynjamisrétti í íþróttum er samt sem áður þörf og vert að staldra við. Það er skýr og yfirlýst stefna RÚV að gæta jafnræðis um íþróttir kvenna og karla, rétt eins og í allri annarri dagskrárgerð og umfjöllun. Við viljum fjalla um íslenskt afreksfólk á stórmótum hvort sem um ræðir konur eða karla, börn eða fullorðna. Í þessum skrifuðu orðum fer Evrópumótið í frjálsum íþróttum fram í Amsterdam. Þar eru fimm frábærir fulltrúar Íslands. Fjórar konur og einn karl. RÚV sýnir beint frá öllum keppnisdögunum og fylgist sérstaklega með íslensku keppendunum. Þá sýndi RÚV beint frá Evrópumótinu í sundi í maí sl. þar sem Hrafnhildur Lúthersdóttir hlaut þrenn verðlaun og vann hug og hjörtu Íslendinga. RÚV var á staðnum og náði að fanga þetta ótrúlega afrek sundfólksins okkar.

Auðvitað er ekki hægt að sýna beint frá öllum íþróttaviðburðum sem tengjast íslensku íþróttafólki því við erum svo heppin að eiga margt framúrskarandi og glæsilegt íþróttafólk sem keppir úti um allan heim. Hér heima kappkostum við að sinna sem fjölbreyttastri íþróttaumfjöllun og þess gætt í hvívetna að fjallað sé jöfnum höndum um karla- og kvennaflokka. Hvort sem um er að ræða Íslandsmótið í golfi eða bikarúrslitin í körfubolta þá er ávallt stefna RÚV að sýna frá kvenna- jafnt sem karlamótum.

Hlutverk okkar er einnig að varðveita glæsilega íþróttasögu Íslendinga og á vormánuðum voru sýndir þættir um íþróttaafrek Íslendinga þar sem ógleymanleg afrek í íslenskri íþróttasögu voru rifjuð upp, bæði kvenna og karla. Fram undan eru svo Ólympíuleikarnir og Ólympíumót fatlaðra í Ríó og þar mun RÚV halda sínu striki og halda á lofti jafnrétti kynjanna hvað þetta varðar. Ég leyfi mér að fullyrða að fáar sjónvarpsstöðvar í heiminum gæta orðið eins vel að þessu kynjajafnræði í beinum íþróttaútsendingum og almennri umfjöllun.

Þess má einnig geta að RÚV hefur að undanförnu stigið mörg stór framfaraskref í jafnréttismálum og sjást þess merki í allri starfseminni, þar á meðal í dagskrá. En það má alltaf gera betur, um það erum við fullkomlega meðvituð og höfum að leiðarljósi í okkar starfi. Það þarf t.a.m. nauðsynlega að fjölga konum í röðum íþróttafréttamanna og þar hefur RÚV nú þegar lagt sitt lóð á vogaskálar með því að standa fyrir árangursríku námskeiði fyrir konur sem áhuga hafa á starfinu. Við fögnum öllum ábendingum sem geta leitt til bættrar þjónustu við landsmenn. Jafnrétti skiptir okkur miklu máli og við viljum breyta, – það er okkar stefna og við ætlum að fylgja henni eftir.

> **RÚV hefur sýnt frá stelpu- og strákamótum, til jafns, í fréttum RÚV í sumar og mun gera það áfram.**




www.volkswagen.is

Nýr Volkswagen Transporter

**Byggir á traustum grunni**

Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnuþjarki að halda sem leysir krefjandi og fjölbreytt verkefni. Hann er framhjóladrifinn með fullkominni stöðugleikastýringu og spólvörn en er einnig í boði með fjórhjóladrifi og sjö þrepa sjálfskiptingu.

INTERNATIONAL VAN OF THE YEAR

Nýr Volkswagen Transporter kostar frá

**4.590.000 kr.**

(3.701.613 kr. án vsk)

**Atvinnubílar**

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## Frakkar fögnuðu sæti í úrslitaleiknum með víkingaklappinu



**Húh!** Antoine Griezmann (nr. 7) var hetja Frakka þegar þeir tryggðu sér sæti í úrslitaleik EM 2016 með 0-2 sigri á heimsmeisturum Þjóðverja í gærkvöldi en hann skoraði bæði mörkin. Eftir leikinn fögnuðu Frakkar að hætti Íslendinga, með víkingaklappinu svokallaða. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fyrsti stórleikur sumarsins

**Breiðablik og Stjarnan leiða saman hesta sína í toppslag Pepsí-deildar kvenna á Kópavogsvelli í kvöld. Fyrir leikinn eru bikarmeistarar Stjörnunnar með tveggja stiga forskot á Íslandsmeistara Blika þegar sex umferðum er lokið. Bæði lið eru ósigruð það sem af er Íslandsmóti og því verður eitthvað undan að láta í kvöld.**

**FÓTBOLTI** Lið Stjörnunnar var spurningarmerki fyrir mót enda hafa sterkir leikmenn eins og Sandra Sigurðardóttir og Anna Björk Kristjánsdóttir horfið á braut. Þrátt fyrir það hefur Ólafi Þór Guðbjörnssyni, þjálfara Stjörnunnar, tekist að púsla saman sterku liði og byrjun Garðbæinga á tímabilinu verið nánast fullkomin. Liðið hefur unnið fimm af sex leikjum sínum og gert eitt jafntefli, skorað 17 mörk og aðeins fengið eitt á sig.

„Ég var nú spurð að því fyrir tímabilið hvort það væri raunhæft að berjast um titla miðað við nöfnin sem við misstum,“ sagði Ásgerður Stefanía Baldursdóttir, fyrirliði Stjörnunnar, í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Eðlilega voru margir sem veltu því fyrir sér hvar við stæðum. En ég sagði það líka að ef við gæfum þessum ungu stelpum tækifæri myndu þær standa sig og ég held að Berglind Hrund [Jónasdóttir] sé gott dæmi um það,“ sagði Ásgerður.

Umrædd Berglind, sem er aðeins tvítug, tók stöðu Söndru í Stjörnumarkinu og hefur heldur betur staðið fyrir sínu og haldið hreinu í fimm af sex deildarleikjum Stjörnunnar í sumar. Varnarleikur Garðbæinga hefur sömuleiðis verið sterkur og Ásgerður segir að hann muni eflaust fleyta liðinu langt í sumar.

„Við spilum frekar þéttan varnarleik og það er gömul klisja sem segir að sókn vinni leiki en vörn vinni mót. Það er samt góð klisja,“ sagði Ásgerður. Hún segir að Stjörnukonur myndu una vel við eitt stig úr leiknum í kvöld.

„Við yrðum þokkalega sáttar ef við færum með jafntefli úr Kópavoginum. Þetta er gríðarlega erfiður útivöllur.“

Fanndís Friðriksdóttir, besti leikmaður Pepsí-deildarinnar í fyrra, segir að Breiðablik megi alls ekki tapa leiknum gegn Stjörnunni í kvöld.

„Við viljum ekki missa Stjörnuna fimm stig fram úr okkur, það er alveg klárt,“ sagði Fanndís. En myndu Blikar sætta sig við jafntefli í kvöld?

„Já, já, það eiga fleiri lið eftir að misstíga sig. En eins og staðan er núna er Stjarnan efst því þær eru með besta liðið.“

Blikar gerðu jafntefli í tveimur af fyrstu þremur leikjum sínum í Pepsí-deildinni en hafa nú unnið þrjá leiki í röð, nú síðast 0-4 útisigur á ÍBV. Fanndís er þokkalega sátt með uppskeruna hingað til.

„Auðvitað hefðum við viljað sleppa þessum tveimur jafnteflum sem við höfum gert. En það þýðir ekkert að pæla í því og við þurfum bara að einbeita okkur að næsta leik,“ sagði Fanndís sem er búin að skora þrjú mörk í Pepsí-deildinni.

Talsverðar breytingar hafa orðið á liði Breiðabliks frá því í fyrra og svo hafa meiðsli sett strik í reikning Íslandsmeistaranna.

„Það hafa orðið nokkrar breytingar og við höfum ekki fengið mikið í staðinn. Við vorum reyndar að fá nýsjálenskan leikmann en hún má ekki spila strax,“ sagði Fanndís, en Blikar missa síðan nokkra leikmenn út í skóla í Bandaríkjunum seinna í sumar.

„Við erum ekki með breiðasta leikmannahópinn og þetta verður smá púsluspil. Við viljum auðvitað vera á toppnum en mótið er orðið svo jafnt að það geta allir stolið stigum af öllum,“ sagði Fanndís að endingu. **ingvithor@365.is**



**Breiðablik vann báða leikina gegn Stjörnunni í Pepsí-deildinni í fyrra með einu marki gegn engu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Nýjast

**EM 2016 í Frakklandi í gær**

**Undanúrslit**

**Þýskaland - Frakkland 0-2**
0-1 Antoine Griezmann, víti (45+1), 0-2 Griezmann (72.).

Frakkar mæta Portúgölum í úrslitaleik EM á Stade de France eftir 0-2 sigur á Þjóðverjum. Antoine Griezmann skoraði bæði mörkin en hann er markahæstur á EM.

**Evrópudeild UEFA í fótbolta**

**Jelgava - Breiðablik 2-2**
1-0 Daniils Turkovs (15.), 1-1 Ellert Hreinsson (31.), 1-2 Daniel Bamberg, víti (33.), 2-2 Abdoulaye Diallo (70.).

Blikar töpuðu fyrri leiknum 2-3 og Jelgava fer áfram, samanlagt 5-4.

**Bröndby - Valur 6-0**
1-0 Kamil Wilczek (5.), 2-0 Andrew Hjulsager (15.), 3-0 Teemu Pukki (26.), 4-0 Pukki (57.), 5-0 Daniel Stückler (71.), 6-0 Stückler (90+3.).

Valsmenn voru flengdir í Danmörku og töpuðu einvíginu samanlagt 10-1.

**Glenavon - KR 0-6**
0-1 Kennie Chopart (6.), 0-2 Chopart (29.), 0-3 Hólmbert Aron Friðjónsson, víti (53.), 0-4 Morten Beck Andersen (68.), 0-5 Óskar Örn Hauksson (78.), 0-6 Denis Fazlagic (80.).

KR-ingar fóru á kostum í Belfast. skoruðu sex mörk og héldu hreinu. KR vann einvígið, 8-1 samanlagt.

**Inkasso-deildin í fótbolta**

| | | |
|---|---|---|
| Haukar | 1–1 | HK |
| KA | 2–0 | Fjarðabyggð |

**Líður eins og Ísland sé orðin nýlenduþjóð Frakka eftir þetta Húh þeirra; getur aldrei orðið „okkar“ aftur! Kannski bara í lagi?**

Kristinn G. Friðriksson
**@KiddiGun**

### ÁSDÍS OG ANÍTA Í ÚRSLIT

Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir og hlaupakonan Aníta Hinriksdóttir komust í gær í úrslit á EM í frjálsum íþróttum í Amsterdam. Ásdís kastaði lengst 58,83 m en það var tíunda besta kastið í undankeppninni. Hún kastaði 56,69 m í fyrstu tilraun en þriðja kastið var ógilt. Ásdís keppir til úrslita á laugardaginn. Aníta var með fjórða besta tímann, 2:01,41 mínútu, í undanúrslitum í 800 m hlaupi. Aníta var í mjög sterkum riðli en þær sem náðu fjórum bestu tímunum í undanúrslitunum voru í hennar riðli. Úrslitahlaupið fer fram á laugardaginn.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **12.00** | **Wimbledon** | Sport |
| **19.00** | **Breiðablik - Stjarnan** | Sport |
| **19.05** | **Fram - Selfoss** | Sport |
| **18.00** | **Þór/KA - Selfoss** | Þórsvöllur |
| **18.00** | **ÍA - Valur** | Norðurálsvöllur |
| **18.00** | **KR - ÍBV** | Alvogenvöllur |
| **19.15** | **FH - Fylkir** | Kaplakriki |

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
8. JÚLÍ 2016 FÖSTUDAGUR

Lífsstíll

# SVONA ER ÞÁ AÐ LÁTA DRAUMA SÍNA RÆTAST

**Tanja Björk Ómarsdóttir** hefur vakið athygli bæði fyrir leik í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum og fyrirsætustörf. Hún er á leið til borgar englanna til að láta drauma sína rætast þó henni finnist hún stundum frekar vera geimvera en engill.

**FRAMHALD Á SÍÐU 2**



MYND/HANNA


Tanja Björk með börnin sín tvö, Nataníel átta ára og Bergdísi tveggja ára.
MYND/HANNA


MYND/ALDA VILLILJÓS


MYND/HALLUR KARLSSON


Tanja með Sirkus Íslands, en þar sýndi hún liðleikaæfingar og tróð sér meðal annars ofan í kassa.


MYND/ANNA KRISTÍN

» Tanja Björk Ómarsdóttir, leikkona og fyrirsæta, er nýorðin 29 ára og tekur því fagnandi. „Ég finn alltaf betur og betur hvað aldur er afstæður og skiptir engu máli. Ég er stundum að leika langt niður fyrir mig í aldri og svo hef ég oft í lífinu þurft að takast á við hluti sem hafa útheimt töluvert meiri þroska en ég ætti að hafa miðað við aldur,“ segir Tanja en sem dæmi um verkefni hennar má nefna hlutverk í sjónvarpsþáttaröðinni Ligeglad, í kvikmyndinni XL eftir Martein Þórsson á móti Ólafi Darra, leik í tónlistarmyndböndum hjá Retro Stefson og Samaris og ýmis hlutverk í stuttmyndinni Fáðu já, meðal annars í atriði þar sem stúlka neyðir pilt til að borða hamborgara gegn vilja hans. Þá hefur hún stundað fyrirsætustörf. „Fólk hefur oft samband og vill nota mig sem fyrirsætu í listræn verkefni og ég hef alltaf gaman af því að vinna með skapandi fólki. Ég hef verið í bæði innlendum og erlendum verkefnum, stundum hefur einhver bent á mig eða einhver hefur séð mig í einhverju og það spurst út. Það er gaman að finna að fólk veit af mér og finnst ég gera vel. Sjálfri finnst mér alltaf skrítið að horfa á sjálfa mig og get verið að rýna of mikið í eigin frammistöðu og gagnrýni sjálfa mig meira en aðra, en geri auðvitað alltaf mitt besta.“

## Fimm tungumál

Tanja er fædd í fjölmenningarsamfélaginu í Lúxemborg og ólst þar upp til sextán ára aldurs. Hún talar því fimm tungumál, íslensku, ensku, þýsku, frönsku og lúxemborgísku. „Foreldrar mínir kynntust í Lúx og við systkinin fórum í venjulegan skóla þar frekar en að fara í alþjóðlegan skóla eins og margir erlendu krakkarnir gerðu. Ég er mjög ánægð með það því þannig græddi ég tungumálin sem hafa komið sér vel fyrir mig í alls konar verkefnum.“

Þegar Tanja var sextán ára flutti hún heim til Íslands ásamt foreldrum sínum og tveimur yngri systkinum. Hún hóf nám í MH en hætti eftir tvo vetur. „Ég var búin að fá nóg af því að vera í skóla og fannst líka erfitt að læra á íslensku, þó að ég talaði hana vel voru ýmis skólahugtök sem voru mér framandi.“ Við tóku nokkur rótlaus ár þar til sonurinn Nataníel kom inn í líf hennar þegar hún var tuttugu og eins árs og jarðtengdi hana. „Nataníel gaf mér styrk og stefnu til að fara aftur að gera það sem mig langaði að gera, vera sú sem ég vildi vera og hugrekki til að eltast við drauma mína. Þangað til ég eignaðist hann lifði ég svolítið frá degi til dags sem var allt í lagi á þeim tíma en þegar ég bar ábyrgð á meiru en bara sjálfri mér gekk það ekki lengur. Við pabbi hans vorum aldrei saman en alltaf góðir vinir. Hann býr erlendis núna og við fórum að hitta hann í London í maí síðastliðnum.“

## Sirkusinn draumur sem rættist

Eftir fæðingu Nataníels tók Tanja upp þráðinn sem frá var horfið í dansnámi sem hún hafði stundað í Lúxemborg frá fimm ára aldri. „Ég fór í Listdansskóla Íslands á nútímadansbraut og líkaði það bara vel. Einu sinni þegar ég var að koma úr skólanum rakst ég á gamlan skólafélaga úr MH sem var að koma af sirkusæfingu. Mig hafði dreymt um það frá því ég var lítil að vera í sirkus svo þegar hann bauð mér að koma með sér á næstu æfingu varð ég mjög spennt.“ Úr varð að Tanja starfaði með sirkusnum í þrjú ár og tók þátt í leiksýningu á vegum hans sem varð til þess að hún sótti um nám í kvikmyndaleik í Kvikmyndaskóla Íslands. „Að taka þátt í starfi sirkussins var draumur sem rættist og ég man að ég hugsaði: svona er það sem sagt að láta draumana sína rætast. Hvaða draum á ég að leggja til atlögu við næst? Og þá sótti ég um í Kvikmyndaskólanum.“ Kvikmyndaskólinn opnaði ýmsar dyr, meðal annars fékk hún hlutverk í kvikmynd. „Ég var mjög virk í skólanum og tók þátt í öllum verkefnum sem mér buðust. Einn daginn sá Marteinn Þórsson mig á labbi um skólann og bauð mér í prufu fyrir hlutverk í myndinni XL sem ég fékk og var frábær reynsla. Sumarið eftir lék ég í ofbeldisforvarnarmyndinni Fáðu já sem er eitt af því sem ég er stoltust af á ferlinum. Síðan hefur þetta bara undið upp á sig.“

## Komst inn samdægurs

Og nú liggur leiðin til stjarnanna. „Já, nú er ég á leiðinni til Hollywood, að vera „Cali Girl“,“ segir Tanja og hlær. „Mig langaði að fara í meira nám og reyna fyrir mér í leiklistinni. Og ég vildi fara eitthvert þangað þar sem er heitt, ég er búin að fá nóg af kulda. Ég fór út í prufur í vetur og komst inn í skóla sem heitir American Academy of Dramatic Arts í Los Angeles. Það var ævintýri líkast því ég var eiginlega búin að missa af því að fara í prufu þar, en daginn áður en ég fór heim fékk ég boð um að koma í prufu samdægurs. Ég fann að mér gekk vel og þegar ég kom heim úr prufunni var kominn tölvupóstur þar sem ég var komin inn og með góðan styrk að auki. Ég stefni á að vera þar í þrjú ár nema eitthvað alveg stórkostlegt verkefni komi upp á.“

## Vön að vera útlendingur

Verkefnin verða bæði innan og utan skólans því það er að mörgu leyti flókið að flytja heila fjölskyldu milli heimsálfa, einkum fyrir einstæða móður. „Ég fer út með börnin mín tvö, Nataníel sem er að verða átta ára og Bergdísi sem er tveggja og þetta verður kannski erfitt til að byrja með. En ef ég ætlaði að láta mínar aðstæður stoppa mig þá hefði ég aldrei gert neitt. Þetta hefur oft verið mjög erfitt hérna heima og ég sé ekki muninn á því að þetta sé erfitt hér eða þar, nema ég hef sólina þar.“ Hún stefnir á að ráða einhvern til að aðstoða með börnin en foreldrar hennar munu verða henni innan handar fyrst í stað. Og henni vex ekki í augum að flytja milli landa. „Ég er vön að vera útlendingur. Mér fannst ég alltaf vera útlendingur þegar ég bjó í Lúx en stundum finnst mér ég líka vera útlendingur hér. Ísland er auðvitað alltaf heima og mér þykir ofboðslega vænt um landið en það er margt í menningunni og þjóðfélaginu sem ég tengist ekki og á erfitt með að skilja. En ég held að þetta sé ekki óvenjulegt með fólk sem er alið upp í mörgum menningarheimum.“

## Við erum öll geimverur

Tanja hefur oft fengið að heyra að hún sé framandi eða „exótísk“ í útliti og er búin að venjast því. „Mér finnst eins og það sé fjölbreyttari hópur sem er að fá viðurkenningu fyrir einhvers konar fegurð í dag en fyrir nokkrum árum og sérstakt útlit, alls konar litarháttur og skrítin sérkenni fá líka að vera til og vera falleg. Við systkinin erum öll mjög ljós og vöktum athygli þegar við vorum lítil í Luxemborg en mér finnst ég bara venjuleg hér, ljóshærð og bláeyg eins og allir á Íslandi. Ég hef samt alveg fengið að heyra að ég líti út eins og geimvera og mér finnst það bara skemmtilegt. Mér líður oft eins og ég sé geimvera og finnst gaman að skoða heiminn eins og utanaðkomandi vera að rannsaka jörðina. En við erum öll geimverur. Við búum í geimnum og þurfum að reyna að finna leið til að lifa saman í friði en ekki endilega alltaf ró, ég hef alveg gaman að uppbyggilegum óróleika.“ **brynhildur@365.is**

Útsala - Útsala
Ný sending af kjólum, túnikum og gallajökkum


Kjóll áður 9.990
nú aðeins 6.990.-
Gallajakki áður 9.990
nú aðeins 6.990.-
FLASH
Túnikur áður 11.990
nú aðeins 8.390.-
margir litir
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Fleiri myndir á Facebook




# YVESSAINTLAURENT

## YVES SAINT LAURENT KYNNING Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND OG HOLTAGÖRÐUM 7.-13.JÚLÍ



**Top Secrets Instant Moisture Glow**
er rakakrem sem jafnar og bætir áferð húðar, dregur saman opnar húðholur og vinnur gegn glansandi húð. Það gefur húðinni fullkomna satínáferð og má nota eitt og sér, undir eða yfir farða.



**Touche Éclat Blur Perfector**
er mjög létt formúla sem breytist úr kremi í púður við ásetningu. Jafnar áferð húðar samstundis svo hún virðist sléttari og opnar húðholur og fínar línur virðast hverfa. Blur Perfector má nota í stað farða til að fullkomna förðun eða til að lagfæra förðun af og til yfir daginn.

**20%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM UNDIRFÖRÐUM FRÁ **YVES SAINT LAURENT** Á KYNNINGUNNI

Kaupauki fylgir tveimur eða fleiri keyptum vörum frá YSL á meðan birgðir endast.



**Touche Éclat Blur Primer**
er gel-undirfarði sem gefur ljóma og hylur ójöfnur. Hann má nota undir farða eða einan og sér til að jafna áferð húðarinnar.

VILT ÞÚ FÁ GLAÐNING FRÁ YSL NOKKRUM SINNUM Á ÁRI OG VERA FYRST TIL AÐ VITA UM NÝJUNGAR Í MERKINU?
**KOMDU ÞÁ Á KYNNINGUNA OG SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN OKKAR.**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# SUMARLEGT, HOLLT OG LJÚFFENGT

Þótt margir landsmenn tengi íslenska sumarið við hefðbundinn grillmat má auðvitað elda annars konar mat í sólinni. Matvöruverslanir selja í dag mikið úrval af vegan- og grænmetisfæði sem bæði er hægt að grilla og útbúa með öðrum hætti. **Sæunn I. Marinósdóttir** frá vefnum Hugmyndir að hollustu gefur hér þrjár ljúffengar uppskriftir.

Sæunn I. Marinósdóttir hefur haldið úti vefnum Hugmyndir að hollustu um nokkurt skeið þar sem hún birtir meðal annars uppskriftir að vegan- og grænmetisréttum auk ýmiss konar fróðleiks um hollustu almennt.

Margir Íslendingar tengja sumarið við hefðbundið grillkjöt en það eru svo sannarlega aðrir möguleikar í stöðunni að sögn Sæunnar. „Vegan-matur er svo fjölbreyttur að hann fer auðveldlega saman við allar árstíðir. Á sumrin finnst mér léttir og kaldir réttir viðeigandi og það er svo dásamlegt hvað vegan-hráefni gefur mikla orku og er létt í maga.“

Hún er mjög ánægð með aukið framboð á vegan-vörum í verslunum hérlendis. „Nú er til dæmis hægt að fá hreina alvöru sojajógúrt með gerlum. Það býður upp á ýmsa möguleika og fer sumarlega og vel saman við ávexti, ber og hnetur. Grillmatur þarf alls ekki að vera flókinn heldur er alltaf hægt að gera falleg og nærandi grillspjót, grilla grænmetisbuff eða sojakjöt. Ferskleiki mundi ég segja að væri lykilatriði í sumar, að nota hráefnin eins og þau spruttu upp af jörðinni og töfra fram einfalda en ljúffenga rétti.“

Sem grænmetisæta hefur Sæunn gert fjölbreyttar tilraunir á íslensku grænmeti og dreymir helst um fjölbreyttara úrval af fersku grænmeti og ávöxtum. „Ég get þó hugsað mér að gera brjálaðar tilraunir með íslenska grænmetið. Til dæmis sá ég einhvern tímann uppskrift þar sem hvítkál og paprika voru notuð í smúðí og mér fannst það afskaplega djörf tilraun! Mig langar að setja gamalkunnugt hráefni í nýtt samhengi og blanda saman þessu brakandi ferska íslenska við innflutt hágæða lífrænt hráefni. Það kemur eflaust eitthvað skemmtilegt út úr því.“

Nýlega fékk Hugmyndir að hollustu andlitslyfingu auk þess sem fleiri uppskriftum var bætt inn. Sæunn gefur hér lesendum Fréttablaðsins nokkrar sumarlegar, hollar og ljúffengar uppskriftir sem tilvalið er að prófa í sumar.


Sæunn I. Marinósdóttir rekur vefinn Hugmyndir að hollustu. MYND/HANNA


Fylltur kúrbítur með valhnetuhakki og kasjúosti er spennandi og gómsætur réttur.

## VEGAN-JÓGÚRTREFUR

Frískandi sem millimál eða eftirréttur. Svona vildi ég að bragðarefurinn vinsæli væri uppbyggður.

**2 dl vegan-jógúrt (soyade eða alpro)**
**1 handfylli frosin bláber**
**1-2 döðlur (má sleppa)**
**1-2 msk. kókosmjöl**
**Nokkrar pecan-hnetur**
**Fersk ber**

Jógúrt, frosin bláber og döðlur maukuð saman í blandara. Hellt í skál og kókosmjöli, ferskum berjum og hnetum blandað saman við.


Vegan jógúrtrefur hentar vel sem eftirréttur eða sem millibiti.

## BAKAÐ GRÆNMETI MEÐ PESTÓBAUNUM

Auðveldur réttur sem útbúa má með lítilli fyrirhöfn. Gott er að eiga vegan-pestó til að grípa í þegar ekki gefst tími fyrir flókna matargerð enda gerir það nær allan mat betri. Flest pestó inniheldur ost og þess vegna mælir Sæunn með Himnesku pestói sem er alveg vegan. Hér þarf varla uppskrift, það má einfaldlega nota það hráefni sem er við hendina og prófa öðruvísi baunir.

**400 g blandað grænmeti (t.d. sætar kartöflur, gulrætur, blómkál, paprika og baby-maís)**
**1 dós smjörbaunir**
**6-8 msk. rautt pestó frá Himnesku**
**Ferskt salat og/eða avokadósneiðar**

Skerið grænmetið í bita og bakið við 180 gráður í 15-20 mínútur (gott að hafa smá vatn í botninum). Hrærið í blöndunni af og til. Hitið baunirnar örlítið saman við pestóið og stappið gróflega saman. Grænmetið kryddað eftir smekk og borið fram með pestóbaunum og fersku grænmeti að eigin vali.


Bakað grænmeti með pestóbaunum er auðveldur réttur.

## FYLLTUR KÚRBÍTUR MEÐ VALHNETUHAKKI OG KASJÚOSTI

Uppskriftin er fyrir einn mjög svangan eða tvo aðeins minna svanga með salati, grjónum eða öðru meðlæti.

**Kúrbítsfylling:**
**1 kúrbítur**
**2 msk. saxaðir sólþurrkaðir tómatar**
**40 g avókadó**
**¼ tsk. svartur pipar**
**Valhnetuhakk:**
**1 dl valhnetur**
**1 msk. tamari-sósa**
**¼ tsk. laukduft**
**Smá cayenne-pipar**

**Kasjúostur:**
**1 dl kasjúhnetur**
**½ dl vatn**
**2 msk. næringarger**
**1 tsk. laukduft**
**1 tsk. hvítlauksduft**
**1-2 msk. lime-safi**
**Salt**

**Kúrbíturinn:** Skerið kúrbítinn í tvennt eftir endilöngu og holið báða helmingana með skeið. Það auðveldar verkið að skera tvo skurði ofan í endilanga helmingana og nokkra þverskurði. Skerið aldinkjötið sem tekið er upp úr í teninga og stappið saman við avókadó og sólþurrkaða tómata. Kryddað með pipar og fyllingin sett ofan í báða helmingana.
**Valhnetuhakkið:** Setið allt hráefnið í blandara eða matvinnsluvél. Kveikið og slökkvið nokkrum sinnum til skiptis svo til verði „hakk“ en ekki mauk. Fyllið báða helminga kúrbítsins.
**Kasjúosturinn:** Látið kasjúhneturnar liggja í bleyti í 2-3 tíma ef tími gefst til. Hellið vatninu af og maukið saman í blandara eða matvinnsluvél. Bætið vatni ef þörf er á, þetta á að vera eins og mjög þykk sósa. Hellið kasjúostinum yfir fyllta kúrbítinn og bakið við 160 gráður í 15-20 mínútur eða þar til osturinn er byrjaður að brúnast örlítið.

Þurr augu?




Tvöföld virkni
Sex sinnum lengri ending
án rotvarnarefna

Thealoz Duo® er ný aðferð við meðhöndlun augnþurrks sem sækir innblástur beint til náttúrunnar.

Til þess að koma jafnvægi á tárafilmuna notum við náttúrulegu efnin trehalósa, sem kemur á jafnvægi og verndar frumurnar á yfirborði hornhimnunnar, og hýalúronsýru, sem smyr yfirborð hornhimnunnar og gefur henni raka.

Fæst í öllum helstu apótekum.

provision

# Lesefni í sumar!







## Hátt í 5000 íslendingar velja Sumarhúsið og garðinn, ert þú í þeirra hópi?




### Velkomin í hóp áskrifenda

Fimm tölublöð á ári kosta aðeins kr. 5.980 sé greitt með kreditkorti í stað kr. 7.475 í lausasölu.
Að auki fylgja þrjú eldri blöð með nýrri áskrift.

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

Fossheiði 1 – 800 Selfoss
Sími 578-4800

## Áskrift í síma 578 4800

Tímaritið er einnig selt í lausasölu á flestum stærri blaðsölustöðum.

Finnið okkur á Facebook

# ALLTAF
# VIÐ HÖNDINA




**Þú getur alltaf nálgast Fréttablaðið á þægilegan og fljótlegan hátt. Blaðið er einnig aðgengilegt í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.**

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum

Download on the App Store | GET IT ON Google Play | Get it from Microsoft

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Nudd. Slökunar og heilsunudd. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 853 3059

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 285 FM IÐNAÐARBIL Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Room for rent, herbergi til leigu á sv. 101 RVK. Uppl./ after. kl. 18:00 S. 862 1846

## Húsnæði óskast

Par á besta aldri óskar eftir einstaklingsíbúð á höfuðborgarsv. til leigu. Skilvísar greiðslur, meðmæli og reglusemi. Uppl. s: 8661555, Sigurður

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**BÍLALEIGA**
í miðbæ reykjavíkur óskar eftir öflugum starfsmönnum í bílaþvott og önnur tilfallandi verkefni.
**Áhugasamir sendi upplýsingar á oskar@procar.is**

BÆJARBAKARÍ

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í ýmis störf í afgreiðslu í framtíðarstarf. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á bakari@bakari.is Uppl. í s. 555 0480

**APARTMENT K**
Leitar af starfsmanni í móttökustarf með frábæra þjónustulund í krefjandi og skemmtilegt starf. Ensku kunnátta skilyrði. Ef þú heldur að þetta sé eitthvað fyrir þig sendu okkur þá ferilskrá á sales@apartmentk.is eða jobs@apartmentk.is

Apartment K is looking for a receptionist/ greeter to join our team. It must be confident and professional, have strong customer service skills and be able to work as a team player. Fluent english required. It this sounds interesting to you please send your cv to sales@apartmentk.is or jobs@apartmentk.is

**SMIÐIR/MÓTAMENN**
Vinna í boði fyrir fríska mótamenn í stórt afmarkað verkefni. Helst samhelt team, þó ekki skilyrði. Þurfa að geta unnið sjálfstætt. Upplýsingar gefur Jón í síma 8943343 og í netfang: jon@jonogsalvar.is

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**



FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

## markaður




**Símar 662 7222 og 578 6262**
**Vefverslun: vonogbjargir.is**
**Viltu gefa kompudót, fatnað, bækur og fleira? ...við sækjum.**
**Höfum kaupendur að heilum búslóðum og lagerum.**

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent
www.capacent.is

## atvinna

# Ertu reynslubolti með bíladellu?

**N1 óskar eftir að ráða áreiðanlegan, duglegan og reynslumikinn starfsmann á smur- og hjólbarðaverkstæði sitt í Reykjanesbæ.**

**Helstu verkefni:**
- Almennar bílaviðgerðir
- Smur- og hjólbarðaþjónusta

Hjólbarðaverkstæði N1 hafa öll hlotið vottun samkvæmt gæðakerfi Michelin, en þá vottun fá eingöngu þau hjólbarðaverkstæði sem uppfylla ströngustu gæðakröfur Michelin.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af og þekking á smur- og hjólbarðaþjónustu
- Rík þjónustulund
- Samskiptahæfni
- Vönduð vinnubrögð
- Reglusemi og stundvísi

Bæði kyn eru hvött til að sækja um laus störf hjá fyrirtækinu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dagur Benónýsson í síma 440 1030 eða gegnum netfangið dagur@n1.is.

Framúrskarandi fyrirtæki
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
N1

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

## skemmtanir




**EM í beinni!**
**Úrslitaleikur á sunnudag kl. 19:00**

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*




# Hljómsveitin Klettar

**Rúnar Þór, Rúnar Vilbergs, Björgvin Gísla og Siggi Árna spila í kvöld.**

**Allir velkomnir**

Gullnáman

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**


NÝTT
Í KVÖLD KL. 19:55
Nettir Kettir
SPURNINGAÞÁTTUR UM POPPTÓNLIST
NETTIR KETTIR
Í kvöld hefur nýr og ferskur spurningaþáttur um popptónlist göngu sína á Stöð 2. Þáttastjórnandi er Hreimur Heimisson og mun hann fá til sín tónlistarfólk og spyrja þau spjörunum úr um allt milli himins og jarðar úr tónlistarheiminum.

## Merkisatburðir

**1362** Grundarbardagi á Grund í Eyjafirði, en þar fara Eyfirðingar að Smiði Andréssyni hirðstjóra og mönnum hans og drepa þá.
**1497** Vasco da Gama heldur upp í fyrsta leiðangur sinn til Indlands umhverfis Afríku.
**1853** Koma Matthew C. Perry og svörtu skipanna til Japans.
**1903** Upphaf síldarsöltunar á Siglufirði. Síldarævintýrið sem þarna hófst stendur yfir í 65 ár.
**1922** Ingibjörg H. Bjarnason er kjörin á þing fyrst kvenna og tekur hún sæti á Alþingi 15. febrúar 1923.
**1926** Ríkisstjórn undir forsæti Jóns Þorlákssonar sest að völdum og sat í rúmt ár.
**1951** Tveir íþróttamenn slasast mikið og aðrir tveir bíða bana í Óshlíð á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar er bjarg lenti á 30 manna rútu sem þeir voru í.
**1980** Auðunn Blöndal er fæddur á þessum degi.
**1987** Ríkisstjórn undir forsæti Þorsteins Pálssonar sest að völdum og situr í rúmt ár. Jóhanna Sigurðardóttir á sæti í stjórninni og er hún þriðja konan sem gegnir ráðherraembætti á Íslandi.

# Semur og tekur upp plötu á tónleikum í Mengi

**Tónlistarmaðurinn Kristján Hrannar Pálsson semur og tekur upp plötuna Sea take one / Haf taka eitt í Mengi í kvöld. Einnig frumflytur hann efni af plötunni Brestir kæru gestir.**

Tónlistarmaðurinn Kristján Hrannar Pálsson frumflytur nýtt efni í Mengi í kvöld. „Tónleikarnir eru ákveðin tímamót hjá mér. Þetta eru fyrstu tónleikarnir sem ég held í tvö og hálft ár. Ég er búin að vera að ná mér eftir veikindi, var í endurhæfingu og er að koma mér í gang," segir Kristján.

Kristján lærði klassískan píanóleik hjá Ágústu Hauksdóttur og eftir það djasspíanóleik í FÍH hjá Þóri Baldurssyni. Kristján hefur leikið ýmiss konar tónlist með fjölda hljómsveita í gegnum tíðina og var um tíma í hljómsveitinni 1860. Frá árinu 2012 hefur hann sungið og leikið á píanó í Fjórum á palli ásamt Eddu Þórarinsdóttur, Páli Einarssyni og Magnúsi Pálssyni. Árið 2013 kom svo fyrsta sólóplata hans, Anno, út.

Tónleikarnir verða tvískiptir og fyrir hlé mun hann semja og taka upp plötuna Sea take one / Haf taka eitt. Lög plötunnar heita eftir sjávarlífverum sem orðið hafa fyrir áhrifum af loftslagsbreytingum. Er þetta annað spunaverk tónlistarmannsins sem tileinkað er loftslagsbreytingum en árið 2016 gaf hann út konseptplötuna Arctic take one / Norður taka eitt. „Ég gaf út plötuna Arctic take one sem er svona rafpíanóplata og tileinkuð loftslagsbreytingum. Ég gerði hana bara heima, spann öll lögin á staðnum og notaði fyrstu töku. Það var svona konseptverk sem átti að minna okkur á að við fáum bara einn séns til þess að snúa þeim við."

Loftslagsbreytingar hafa því verið tónlistarmanninum töluvert hugleiknar upp á síðkastið og einnig hefur honum verið boðið að flytja erindi á ráðstefnunni Arctic Circle sem fram fer í Hörpu í nóvember.

Eftir hlé verður efni af væntanlegri plötu Kristjáns, Brestir kæru gestir, frumflutt en tónlistinni lýsir hann sem taktföstu rafpoppi með dimmum undirtónum. „Eftir hlé verð ég með mjög persónulega uppgjörsplötu sem ég er búin að vera að vinna í," segir Kristján og bætir við að þó að dálítið stress fylgi frumflutningi seinni plötunnar þá telji hann það jákvætt.

Tónleikarnir í Mengi hefjast klukkan 21.00 og er miðaverð 2.000 krónur.

gydaloa@frettabladid.is



Kristján Hrannar flytur nýtt efni á tónleikunum í Mengi í kvöld. MYND/NINARICHTER



Kær bróðir okkar,
**Þorgeir Mikael Sveinsson**
(Doddi)
frá Tjörn á Skaga,
andaðist á Hrafnistu í Reykjavík 29. júní.

Útför hans fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 12. júlí kl. 13.

**Sigurlaug Sveinsdóttir**
**Steinn M. Sveinsson**
**Sveinn Sveinsson**



Þökkum auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,
**Kristbjargar Ingimundardóttur**
Grensásvegi 58,
sem lést 9. júní síðastliðinn. Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á hjúkrunarheimilinu Grund.

**Inga Long** **Ólafur Eiríksson**
**Ingimundur Vilhjálmsson** **Margrét Helga Jónsdóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
**Þórunn Ágústa Sigurðardóttir**
Borgartúni, Garði,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 2. júlí. Útförin fer fram frá Útskálakirkju þriðjudaginn 12. júlí kl. 14.

**Guðni Ingimundarson**
**Sigurjóna Guðnadóttir** **Ásgeir M. Hjálmarsson**
**Ingimundur Þ. Guðnason** **Drífa Björnsdóttir**
**Árni Guðnason** **Hólmfríður I. Magnúsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Hjartkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
**Jón Héðinn Pálsson**
frá Miðkoti, Dalvík,
andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 1. júlí. Jarðsett verður frá Dalvíkurkirkju kl. 13.30 þriðjudaginn 12. júlí. Sérstakar þakkir til starfsfólks HSS fyrir góða umönnun.

**Sesselía Björk Guðmundsdóttir**
**Sigurjón Páll Jónsson** **Signe Rindom**
**Óli Vignir Jónsson** **Þórunn Margrét Jónasdóttir**
**Guðmundur Heiðar Jónsson** **Ósk Jórunn Árnadóttir**
**Anna María Jónsdóttir**
**Árni Örn Jónsson** **Harpa Helgadóttir**
**Jón Bjarki Jónsson** **Unnur Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,
**Sigrún Svanfríður Óskarsdóttir**
lést á líknardeild LSH í Kópavogi 2. júlí síðastliðinn. Útför Sigrúnar fer fram mánudaginn 11. júlí kl. 15 í Fríkirkjunni í Reykjavík.

**Aðstandendur**



Ástkær móðir mín,
**Helga Ingvarsdóttir**
Ægisíðu 84, Reykjavík,
varð bráðkvödd 3. júlí sl. á heimili mínu í Bretlandi. Útförin verður auglýst síðar. Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Elvar Sigurgeirsson**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og systir,
**María Dröfn Jónsdóttir**
Njarðarvöllum 2, Reykjanesbæ, áður til heimilis að Kirkjuvegi 57, Keflavík,
lést á hjúkrunarheimilinu Nesvöllum, sunnudaginn 3. júlí sl. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, mánudaginn 11. júlí kl 15.00.

Við viljum koma á framfæri sérstökum þökkum til starfsfólks hjúkrunarheimilisins á Nesvöllum.

**Guðmundur Auðun Gunnarsson**
**Guðbjörg María Gunnarsdóttir** **Ingi Þór Reynisson**
**Vala Braun** **Cal Braun**
**Guðmundur Ingi Jónsson** **Bjarney Ó. Gunnarsdóttir**
**Íris Kröyer Jónsdóttir** **Gísli Harðarson**
**Þór Viðar Jónsson**



Elsku besti pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,
**Finnbogi Gíslason**
fyrrverandi skipstjóri,
lést á Landspítalanum þann 29. júní sl. Jarðarförin fer fram frá Neskirkju 8. júlí kl. 15.00.

**Kristín Finnbogadóttir** **Axel Friðriksson**
**Sigurður Finnbogason**
**Herdís Finnbogadóttir** **Ólafur G. Guðlaugsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# PIZZUVEISLA!

*Kauptu 5 pizzur að eigin vali en borgaðu fyrir 4.*
*Gildir um allar pizzur*




Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**
**VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

# Iceland

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Eftir ágætt sumarveður undanfarið syrtir í álinn í dag, með votviðris-norðanátt og kólnandi veðri. Áfram líklega þurrt suðvestanlands.

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 4° | 6° |
| ↓ 7 | ↙ 10 | ↘ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 10° | 3° |
| ↗ 1 | ← 5 | ↓ 3 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 4° | 10° |
| ↓ 7 | ↙ 10 | ↓ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 11° | 12° | 8° |
| ↓ 5 | ← 6 | ↙ 6 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. uss
6. frá
8. mánuður
9. dýrahljóð
11. ónefndur
12. raun
14. rithöfundur
16. tveir eins
17. eldsneyti
18. í viðbót
20. í röð
21. yndi

**LÓÐRÉTT**
1. skordýr
3. umhverfis
4. fugl
5. persónufor-nafn
7. hefting
10. ar
13. lærdómur
15. mannvíg
16. þvottur
19. mun



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** suss, **6.** af, **8.** maí, **9.** urr, **11.** nn, **12.** reynd, **14.** skáld, **16.** tt, **17.** mór, **18.** auk, **20.** aá, **21.** unun.
**LÓÐRÉTT: 1.** maur, **3.** um, **4.** sandlóa, **5.** sín, **7.** frestun, **10.** ryk, **13.** nám, **15.** dráp, **16.** tau, **19.** ku.

### Skák Gunnar Björnsson

Bronstein átti leik gegn Geller í Moskvu árið 1961.

**1. Dg6!** (1. Hxf7 vinnur líka) **1... fxg6 2. Hxg7+** og mát í næsta leik. Í gær fór fram vel heppnað Sólarmót Skákakademínnar við útitaflið við Lækjartorg.
**www.skak.is:** Nýjustu skákfrétt-irnar.

**Hvítur á leik**



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | 6 | 4 | 8 | |
| | 4 | | | 1 | 3 | 5 | | 6 |
| | | | | | 7 | 1 | 2 | |
| 4 | 1 | | | 8 | | 9 | | 5 |
| | | 3 | 5 | | | | | |
| 8 | 9 | | 6 | | 1 | | | |
| | 3 | 8 | 1 | | | | 6 | |
| 9 | 2 | | | | | | | |
| | | | | 3 | 8 | 2 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | | | | 6 | |
| | | 9 | 2 | 1 | | | | |
| 1 | | 8 | 3 | | 6 | | 5 | 9 |
| 6 | 5 | | | 7 | | | 8 | |
| | | | 9 | | 3 | 4 | | |
| | | 3 | 1 | | | | | |
| | 7 | | | | | | | 2 |
| 2 | | 4 | | | | | 9 | |
| | | 5 | | | 4 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |
| | 5 | 6 | | 9 | | | | 1 |
| | | 1 | | | 4 | | | 7 |
| | | | | 1 | | 7 | 3 | 2 |
| | | 4 | 2 | | | 8 | | |
| | 6 | 3 | | 5 | | | 1 | |
| | | | | | | | 7 | |
| | 1 | | 6 | 8 | | | | |
| | | 2 | | 4 | | 3 | 6 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 7 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 6 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 3 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 5 | 3 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 7 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 3 | 9 |
| 5 | 3 | 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 4 | 8 | 2 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 4 | 1 | 5 | 9 | 8 |






## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman













# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 8. JÚLÍ 2015

### Tónlist

**Hvað?** Blúsbandið
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Þeir Ásgeir Óskars, Halli Þorsteins, Jens Hanson, Tómas Jónsson,Siggi Sig. og Björgvin Gíslason verða á Café Rosenberg í kvöld og spila þar saman blús.

**Hvað?** Garðveisla FTT
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Hljómskálagarðurinn
Hin árlega Garðveisla FTT fer fram í kvöld og býður Félag tónskálda og textahöfunda upp á glæsilega tónleika í Hljómskálagarðinum. Fram koma Úlfur Úlfur, Samaris og Glowie. Garðveislan hefur verið reglulegur viðburður síðustu árin og er nafnið fengið úr lagi Mezzoforte, Garden Party, sem markaði á margan hátt útrás íslenskra tónlistarmanna. Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

**Hvað?** Kristján Hrannar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2.
Eftir þriggja ára rússíbanareið er komið að því að Kristján Hrannar frumflytur nýtt efni. Hann mun skipta kvöldinu í tvennt, þar sem fyrir hlé verður platan Sea take one / Haf taka eitt, samin og tekin upp á staðnum. Lögin heita eftir fiska- og dýrategundum sem hafa orðið fyrir áhrifum loftslagsbreytinga og súrnun sjávar. Eftir hlé frumflytur Kristján efni af væntanlegri plötu, Brestir kæru gestir. Taktfast rafpopp með dimmum undirtónum. Aðgangseyrir 2.000 krónur.

**Hvað?** Sumartónleikaferð Svavars Knúts og Kristjönu Stefáns
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Menningarhúsið Berg á Dalvík
Svavar Knútur og Kristjana Stefáns ferðast nú um landið og bera með sér ljúfa tóna í sérlegri sumartónleikaferð. Í kvöld verður tvíeykið í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík. Aðgangseyrir eru 3.500 krónur.


Rokkkempurnar í HAM verða á Græna hattinum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Hvað?** HAM
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri.
Rokksveitin HAM bregður sér norður yfir heiðar til að hrista upp í Norðlendingum. Verður því mikið um dýrðir á Græna hattinum. Aðgangseyrir 3.500 krónur.

**Hvað?** Dj Jónbjörn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Dj Jónbjörn þeytir skífum á Húrra í kvöld. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Dj Ingibjörg
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hverfisgata 12
Dj Ingibjörg sér um að fylla Hverfisgötu 12 af tónum í kvöld. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Dj Bogi
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Austur, Austurstræti 7.
Dj Bogi hristir upp í gestum Austurs í kvöld. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Reynir Snær band
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hressó.
Reynir Snær Band sér um að halda uppi fjörinu á Hressó í kvöld.

**Hvað?** Reykjavík Classics
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Harpa, Eldborgarsalur
Reykjavík Classics er ný tónleikaröð sem þykir kærkomin viðbót í menningar- og listalíf borgarinnar. Gefst fólki nú tækifæri á að hlýða á klassíska tónlist leikna af framúrskarandi listamönnum í hádeginu þar sem klassísk meistaraverk verða flutt. Listrænn stjórnandi Reykjavik Classics er Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari. Miðasala á harpa.is.

**Hvað?** DJ: BigFoot
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Pósthúsbarinn Akureyri
Einn reyndasti plötusnúður landsins, Kiddi BigFoot, spilar allt þetta gamla í bland við það nýjasta sem er í gangi. BigFoot-inn verður sveittur í búrinu að gleðja dansþyrsta.

**Hvað?** TRIU tónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Austurríski sönghópurinn TRIU hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir óvenjulegan, fallegan og umfram allt skemmtilegan tónlistarflutning. Dagskráin er fjölbreytt og lífleg; hefðbundin músík frá Afríku, Ástralíu og Evrópu í bland við djass- og popptónlist. Á meðal þess sem þau flytja er gospeltónlist á svahili, austurrískt jóðl, írskar ballöður og þekkt djass- og popplög. Aðgangseyrir 2.500 krónur.

### Leikhús

**Hvað?** The Greatest Show in Iceland
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Sviðslistahópurinn Krass stendur að baki sýningunni, þar sem rýnt er í sjálfsmynd Íslendinga. Hópinn skipa leiklistarnemar og upprennandi listamenn. Sýningin er flutt á ensku. Miðaverð er 3.500 krónur.

### Hátíð

**Hvað?** Þjóðlagahátíð á Siglufirði
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Siglufjarðarkirkja og víðar.
Þjóðlagahátíð stendur nú sem hæst á Siglufirði. Í kvöld er boðið upp á gömul og ný íslensk dægurlög í Siglufjarðarkirkju og er það Ágústa Sigrún Ágústsdóttir sem syngur við tóna hljómsveitarinnar Andakt. Í framhaldi verður svo boðið upp á dagskrá í Bátahúsinu, Allanum og aftur í Siglufjarðarkirkju. Allir velkomnir.


Gaddakylfan
Sagan sem ekki má segja
er ævisaga með meiru - í kiljuformi

„Merkilegur atburður varð fyrir utan Hafnarhúsið rétt fyrir fyrsta fund nýskipaðrar Rannsóknarnefndar sjóslysa (1991). Formaður nefndarinnar hafði hringt og sagt að hann ætlaði að koma vel tímanlega og ræða við framkvæmdastjórann um ýmis atriði. ...........

Kristján S. Guðmundsson segir sögu sína sem meðal annars spannar 37 ára starf á sjó og 15 ára starf að rannsóknum sjóslysa.




Hérna segir hann hispurslaust frá ýmsu sem hann hefur upplifað á langri starfsævi.

Vefverslunin Taramy.is

nánari upplýsingar í s:6992355



Friðrik Rafnsson þýðandi bókarinnar Löður daganna eftir Boris Vian. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Smá klikkun í lífinu er bara til að krydda það

**Skáldsagan Löður daganna eftir franska rithöfundinn Boris Vian kom út í fyrsta sinn í íslenskri þýðingu Friðriks Rafnssonar fyrir skömmu. Bókin kom fyrst út í París skömmu eftir seinna stríð og hefur í tímans rás haft mikil áhrif á bókmenntir og listir víða um heim, enda einstaklega frumleg og forvitnileg í alla staði.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Tvennt skiptir máli og annað ekki: annars vegar er það ástin, það segir sig sjálft, sætar stelpur, og hins vegar tónlist frá New Orleans eða eftir Duke Ellington. Allt annað er ljótt og má því missa sig.“ Þessi orð úr formála franska rithöfundarins Boris Vian að verkinu Löður daganna, fanga í senn lífsgleði og kjarna þessarar einstöku skáldsögu. Löður daganna kom fyrst út í umróti eftirstríðsáranna og hefur síðan verið þýdd á fjölda tungumála, kvikmynduð, teiknuð og elskuð en nú í vor rataði hún fyrst í hendur íslenskra í snilldarþýðingu Friðriks Rafnssonar.

> **EN EINS OG ER MEÐ MÖRG GÓÐ LISTAVERK OG GÓÐAR BÆKUR ÞÁ ER ÞAÐ ÞANNIG ÞEGAR MAÐUR ER BÚINN AÐ AÐLAGA SIG OG KOMINN INN Í HEIM VERKSINS, ÞÁ FÆR MAÐUR ÞAÐ MARGFALT TIL BAKA.**

### Slær í gegn post mortem

Það er í raun umhugsunarefni hversu langan tíma það hefur tekið fyrir þessa merku bók að rata í íslenska þýðingu enda má vel finna við lesturinn hversu mikil áhrif hún hefur haft á bókmenntir síðustu áratuga. Friðrik bendir á að bókinni hafi einnig á ákveðinn hátt verið seint tekið í Frakklandi, en Löður daganna kom fyrst út í París árið 1947. „Vian skrifaði þessa bók inn í andrúmsloft þar sem menn eru enn að jafna sig eftir stríðsátökin og lífið um margt erfitt enn þá. Á sama tíma er þetta verk líka ákveðið svar við þeim drunga sem hangir yfir frönsku samfélagi. Svarið er í leiknum, gleðinni, birtunni og lífskraftinum sem er að finna í verkinu og kannski voru móttökuskilyrðin einfaldlega ekki fyrir hendi. Að auki þá rís þessi bók gegn valdinu og Vian leikur sér ákaflega frjálslega að tungumálinu sem gerði það kannski að almenningur kveikti ekki á henni alveg strax þó svo bókmennta- og listakreðsan hafi hins vegar gert það um leið.

Bókin er svo endurútgefin árið 1963 og þá eru ákaflega breyttir tímar. Frjálslyndisstefnan að byrja að verða til og gríðarleg deigla til staðar á sjöunda áratugnum, í kynlífsmálum, tónlist og fleiru. Þá verður Vian svona „cult“ höfundur sem nær svo hámarki í kringum 1968 þegar hann verður hreinlega átrúnaðargoð en því miður post mortem því hann lést 1959 og varð aldrei vitni að velgegni þessarar bókar.

### Djass og dauðans angist

Í Löðri daganna segir frá tveimur ungum pörum og einkaþjóni annars unga mannsins í París eftirstríðsáranna. Lífið er leikur, glaumur og gleði en svo veikist önnur unga konan af dularfullum og ólæknandi sjúkdómi og þá breytist allt. Lífið og samfélagið verður svart og grimmt eftir því sem peningarnir þverra og litrík útópían, sem ólgar af djassi og fjöri, verður að dystópíu. „Já, þessi bók er líka mjög grimm. Það má kannski líkja þessu við trúðinn sem brosir í aðra röndina og grætur í hina. Það er mjög stutt frá fölskvalausri gleði og lífsleik yfir í dauðaangistina. Eins og fólk þekkir sjálft þegar það er mjög hamingjusamt þá er um leið til staðar einhvers konar ótti við að þetta vari ekki og það er kannski eitt af þemum bókarinnar en allt er þetta soldið karnivalískt en húmorinn er heldur aldrei langt undan.

Þetta er bók sem hefur haft áhrif um allan heim og er sprelllifandi. Það er svo gaman hvernig nýjar kynslóðir sækja í þessa bók og ég held að stór hluti af því sé hversu afslappaður og skemmtilegur Vian er og að fólk getur farið í þetta alveg óhrætt. Þessi bók er ekki erfið lestrar en auðvitað er hún soldið skrítin og fólk þarf aðeins að stilla sig inn á hvernig tungumálið er leyst upp. En eins og er með mörg góð listaverk og góðar bækur þá er það þannig þegar maður er búinn að aðlaga sig og kominn inn í heim verksins, þá fær maður það margfalt til baka.“

Myndlistin, tónlistin, vísindin og margt fleira er alltaf skammt undan í Löðri daganna og Friðrik segir að það sé í raun ákveðinn endurómur af þessum fjölhæfa og merka höfundi. „Vian var ofboðsleg fjölhæfur maður. Verkfræðingur að mennt, frábær tónlistarmaður, málaði, teiknaði og var svona heimspekingur í aðra röndina. Í honum er að finna lífið í öllum sínum víddum og þetta er verk um lífsnautnina og lífsgleðina og þar á meðal er auðvitað að njóta góðra lista.“

### Tungumálið og smá klikkun

Í Löðri daganna leikur Boris Vian sér ákaflega mikið að tungumálinu og að þýða slíkt verk hlýtur að vera bæði erfitt og flókið en um það segir Friðrik einfaldlega: „Ég er nú bara þannig að það sem er skemmtilegt er ekki erfitt. Mig hefur langað til þess að þýða þessa bók síðan 1981 eða 82 þegar ég var við nám í Frakklandi og las hana fyrst. Ég þýddi leikrit eftir Vian 1989 sem leikhópurinn Þíbylja setti upp og heitir Að byggja sér veldi eða smúrtsinn og þá fékk ég aðeins að kynnast því hvernig hann leikur sér. Það eru svo allmörg ár síðan ég fór að máta mig við hana og svo hafðist þetta loks. Auðvitað eru svona orðaleikir og húmor eitthvað sem getur verið erfitt að flytja á milli tungumála og menningarsvæða en það er líka ákaflega gefandi ef það hefur tekist þó svo ég viti minnst um það. En þetta er bæði snúið og skemmtilegt.

Margir íslenskir höfundar hafa orðið fyrir miklum áhrifum af verkum hans og þessu mikla frelsi sem er að finna í meðferð tungumálsins. Slíkt er erfitt að þýða og eins og einn ágætur vinur minn sagði: „Ég vissi ekki að þú værir nógu brjálaður til þess að þýða þessa bók.“ Kannski að aðrir þýðendur séu bara svona skynsamir en ætli svona smá klikkun í lífinu sé ekki bara til þess að krydda það.“


ELDBORG
12. JÚLÍ
BURT BACHARACH
ÁSAMT HLJÓMSVEIT OG SÖNGVURUM
ÞESSI 87 ÁRA SNILLINGUR HEFUR Á 60 ÁRA FERLI SÍNUM SAMIÐ MEIRA EN 500 LÖG, ÞAR Á MEÐAL VINSÆL LÖG EINS OG ALFIE, ANYONE WHO HAD A HEART, DO YOU KNOW THE WAY TO SAN JOSE, RAINDROPS KEEP FALLIN' ON MY HEAD, A HOUSE IS NOT A HOME, WHAT'S NEW PUSSYCAT?, ARTHUR'S THEME, ALWAYS SOMETHING THERE TO REMIND ME, WHAT THE WORLD NEEDS NOW IS LOVE, THAT'S WHAT FRIENDS ARE FOR, I SAY A LITTLE PRAYER, THIS GUY'S IN LOVE WITH YOU, TRAINS AND BOATS AND PLANES, MESSAGE TO MICHAEL, THERE'S ALWAYS SOMETHING THERE TO REMIND ME – OG FLEIRI OG FLEIRI.
BURT BACHARACH HEFUR HLOTIÐ ÓTAL VERÐLAUN FYRIR VERK SÍN. ÞAR Á MEÐAL ÁTTA GRAMMYVERÐLAUN, ÞRENN ÓSKARSVERÐLAUN, EIN GOLDEN GLOBE VERÐLAUN – 48 LÖG SEM HAFA FARIÐ Á TOPP 10 – NÍU LÖG SEM HAFA FARIÐ Í EFSTA SÆTI VINSÆLDARLISTANS OG ÁRIÐ 2012 FÉKK HANN HIN VIRTU GERSHWIN-VERÐLAUN OG HÉLT ÞÁ FRÁBÆRA TÓNLEIKA FYRIR BARACK OBAMA Í HVÍTA HÚSINU.
MIÐASALA Á HARPA.IS- TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50

# DAGSKRÁ

# Föstudagur




**2**

**NETTIR KETTIR**
Nýr og stórskemmtilegur spurningaþáttur um popptónlist þar sem íslenskt tónlistarfólk spreytir sig á allskonar spurningum um allt milli himins og jarðar úr tónlistarheiminum. Þáttarstjórnandi er **Hreimur Heimisson**

FRÁBÆRT
**FÖSTUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is** **365**

**2**

**WAITRESS**
Rómantísk gamanmynd um þjónustustúlku sem er föst í óhamingjusömu hjónabandi en hún lifir í von um að geta hafið nýtt líf.





**2**

**DOPE**
Boð í partý leiðir til óvæntrar atburðarásar hjá Malcolm og vinum hans þegar þeir dragast inn í hörkuspennandi og óvæntar aðstæður í Los Angeles.

**b**

**GET ON UP**
Myndin er byggð á ótrúlegu lífshlaupi sálarkóngsins James Brown og gefur innsýn í tónlistina, dansinn og tilfinningalíf tónlistarmannsins.



**3**

**NCIS: NEW ORLEANS**
Spennuþættir um sérstaka starfsmenn sem rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.20 Kalli kanína og félagar**
**07.40 Litlu Tommi og Jenni**
**08.05 The Middle**
**08.30 Pretty Little Liars**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 First Dates**
**11.05 Restaurant Startup**
**11.45 Grand Designs**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Sumar og grillréttir Eyþórs**
**13.25 The Little Rascals Save The Day**
**15.00 Foodfight**
**16.30 Simpson-fjölskyldan**
**16.50 Litlu Tommi og Jenni**
**17.16 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.04 Friends** Monica dauðsér eftir því að hafa sagt konu frá ódýrri brúðarkjólaverslun þar sem það endar með því að þær rífast um sama kjólinn. Joey og Ross komast að því að þeir eiga í sambandi við sömu stelpuna.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.50 Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.10 Two and a Half Men**
**19.30 Impractical Jokers** Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á að vera þátttakendur í hrekk í falinni myndavél.
**19.55 Nettir Kettir**
**20.50 Waitress**
**22.40 Dope**
**00.20 Jarhead** Hárbeitt og kómísk sýn á líf ungra bandaríska landgönguliða sem sendir eru lítt undirbúnir á líkama og sál á vígvöll blóðugra og stjórnlausra átaka. Myndin er byggð á samnefndri metsölubók og fylgir eftir ungum landgönguliða í þriðja ættlið, allt frá því hann hefur skólagöngu í herskólanum, þar til hann er sendur á bólakaf í átökin í Írak. Myndin er gerð af Óskarverðlaunaleikstjóranum Sam Mendes sem á m.a. að baki American Beauty og skartar Jake Gyllenhaal í aðalhlutverki.
**02.20 Lone Survivor** Spennumynd byggð á sannsögulegum atburðum um hina svokölluðu Red Wing áætlun. Aðgerðin snerist um leynilega för fjögurra sérþjálfaðra sérsveitamanna úr bandaríkjaher í fjallaþorp í Afganistan með það markmið að handsama eða lífláta Al Quaeda-liðann og talibanaleiðtogann Ahmad Shan. Þessi bíræfna aðgerð sem var skipulögð af kostgæfni fer hinsvegar illilega úrskeiðis og aðeins einn úr hópnum kemst lífs af. Með aðalhlutverk fara Mark Wahlberg, Taylor Kitsch og Emilie Hirsch.
**04.20 Filth**
**05.55 The Middle**

## SPORT

**07.20 Wimbledon Tennis 2016**
**11.25 Sumarmessan**
**12.00 Wimbledon Tennis 2016**
**17.00 ÍA - Stjarnan**
**18.40 Premier League World 2015/2016**
**19.05 Breiðablik - Stjarnan** Bein útsending frá leik Breiðabliks og Stjörnunnar í Pepsí deild kvenna.
**21.15 Sumarmessan**
**21.50 Sumarmótin 2016**
**22.25 Borgunarbikarmörkin**
**23.15 Wimbledon Tennis 2016**

## STÖÐ 3

**17.50 Raising Hope**
**18.15 The Big Bang Theory**
**18.35 Modern Family**
**19.00 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**19.55 Svínasúpan** Frábærir grínþættir frá árinu 2004. Hér er grínast með allt milli himins og jarðar en þessu grínliði er fátt heilagt. Leikendur í þáttunum eru úrvalslið íslenskra grínara.
**20.20 Lip Sync Battle**
**20.45 NCIS. New Orleans**
**21.30 Treme** Þriðja þáttaröðin af þessum dramatísku þáttum frá HBO þar sem fylgst er með sögu fjölda fólks sem á það eitt sameiginlegt að búa í Treme-hverfinu í New Orleans eftir að fellibylurinn Katrína reið þar yfir.
**22.30 Supernatural**
**23.15 Sons of Anarchy**
**00.35 Fóstbræður**
**00.55 Entourage**
**01.25 Svínasúpan**
**01.45 Lip Sync Battle**
**02.10 NCIS. New Orleans**
**02.50 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Könnuðurinn Dóra**
**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47 Ævintýraferðin**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveins**
**08.49 Lalli**
**08.55 UKI**
**09.00 Kalli á þakinu**
**09.25 Latibær**
**09.48 Hvellur keppnisbíll**
**10.00 Ofurhundurinn Krypto**
**10.25 Strumparnir**
**10.47 Stóri og litli**
**11.00 Könnuðurinn Dóra**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47 Ævintýraferðin**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveins**
**12.49 Lalli**
**12.55 UKI**
**13.00 Kalli á þakinu**
**13.22 Latibær**
**13.45 Hvellur keppnisbíll**
**14.00 Ofurhundurinn Krypto**
**14.25 Strumparnir**
**14.47 Stóri og litli**
**15.00 Könnuðurinn Dóra**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47 Ævintýraferðin**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveins**
**16.49 Lalli**
**16.55 UKI**
**17.00 Kalli á þakinu**
**17.22 Latibær**
**17.45 Hvellur keppnisbíll**
**18.00 Ofurhundurinn Krypto**
**18.25 Strumparnir**
**18.47 Stóri og litli**
**19.00 Walking With Dinosaurs** Spennandi og vandaðir þættir sem færa okkur aftur í tímann þegar risaeðlur gengu um og réðu ríkjum.

## GOLFSTÖÐIN

**11.30 Inside The PGA Tour**
**11.55 Champions Tour Highlights**
**12.50 FedEx St. Jude Classic**
**15.20 PGA Tour - Highlights**
**16.15 Golfing World**
**17.05 Inside The PGA Tour**
**17.35 PGA Tour - Highlights**
**18.35 PGA Special. In the Spotlight**
**19.20 Golfing World**
**20.10 US Open**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.40 The Last of Robin Hood**
**14.10 The Nutty Professor** Sprenghlægileg gamanmynd frá 1993 með Eddie Murphy og Jada Pinkett Smith. Prófessorinn Julius F. Kelp er ekki allur þar sem hann er séður. Kappinn hefur fundið upp undralyf sem gerir hann að hálfgerðum Jekyll og Hyde. Þegar prófessorinn tekur inn lyfið breytist hann úr feimnum hallærisgæja í heillandi fjörkálf að nafni Buddy Love.
**15.45 Just Friends**
**17.20 The Last of Robin Hood**
**18.50 The Nutty Professor**
**20.25 Just Friends** Rómantísk gamanmynd með þeim Ryan Reynolds, Amy Smart og Chris Klein í aðalhlutverkum. Chris upplifði mikla ástarsorg í gagnfræðaskóla en þegar hann snýr aftur í heimabæinn mörgum árum og tugum kílóa seinna fær hann annað tækifæri til að næla í draumastúlkuna.
**22.00 Get on up**
**00.25 In the Electric Mist**
**02.10 Kill List**
**03.45 Get on up**

## RÚV

**14.30 Popp- og rokksaga Íslands**
**15.25 Ekki bara leikur**
**15.55 Táknmálsfréttir**
**16.05 EM í frjálsum íþróttum**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
**20.00 Popppunktur**
**21.15 Miranda**
**21.50 Skarpsýn skötuhjú**
**22.45 Devils Dust – Fyrri hluti**
**00.15 Hinterland**
**01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rules of Engagement**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 America's Next Top Model**
**09.45 Hotel Hell**
**10.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.10 EM 2016 á 30 mínútum**
**12.45 The Biggest Loser - Ísland**
**13.45 Dr. Phil**
**14.25 The Millers**
**14.45 The Odd Couple**
**15.05 Jane the Virgin**
**15.50 The Good Wife**
**16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**17.15 The Late Late Show with James Corden**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**18.55 King of Queens**
**19.20 How I Met Your Mother**
**19.45 Korter í kvöldmat**
**19.50 America's Funniest Home Videos**
**20.15 Along Came Polly**
**21.45 Second Chance**
**22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.10 The Late Late Show with James Corden**
**23.50 Code Black**
**00.35 Penny Dreadful**
**01.20 House of Lies**
**01.50 Zoo**
**02.35 Second Chance**
**03.20 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**04.00 The Late Late Show with James Corden**
**04.40 Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% -

# SUMAR ÚTSALA

- 50% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40% - 50% - 40% - 50% - 40% - 3

BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁL

## RAFMAGNSVERKFÆRI 20-30% AFSLÁTTUR




ÖLL DEWALT* RAFMAGNSVERKFÆRI
20% afsláttur
DEWALT

ÖLL HITACHI RAFMAGNSVERKFÆRI
20% afsláttur
HITACHI Inspire the Next

ÖLL BLACK & DECKER* RAFMAGNSVERKFÆRI
30% afsláttur
BLACK&DECKER

*undantekning DeWalt veltisagir vnr. 5159110 - 5159111 - 15% afsláttur

*Black & Decker rafmagnsgarðverkfæri 25% afsláttur

*Gildir ekki af tilboðum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar". Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslanna.

Byggjum á betra verði

www.husa.is




# GRÍSARIF

**Fulleldað, aðeins 10 mín. á grilli, 4 tegundir af BBQ sósum**

Extra mikil BBQ sósa í pakkningunum til að pensla eftir hitun.

Sweet Baby Ray's

- Sweet Baby Ray´s hunangs
- Sweet Baby Ray´s Orginal

Kaldi

- Kaldi BBQ
- Kaldi rótarbjórs BBQ

Hugsaðu út fyrir kassann

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



**Brioche hamborgarabrauð**
Bökuð samkvæmt aldagamalli franskri hefð.



**Arizona drykkir**
Ferskir og frískandi te drykkir, hver er þinn uppáhalds?

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa




232 kr/stk
verð áður 309

**Billys pizzur**
2 tegundir.

Nýtt í Hagkaup




**Sigdal hrökkbrauð**
Gott í útileguna og á milli mála.




**Mini Prins Polo**
Fjölskyldu-pakkning.

Nýtt í Hagkaup




**Star Wars drykkir**
Spennandi nýjung.




**Lion kakó**
Öskrandi gott í mjólk.

Gildir til 10. júlí á meðan birgðir endast.




Jack Daniel's Old No. 7 Brand

## JACK DANIEL´S BBQ SÓSUR

**Þekktar fyrir gæði og karakter. Góðar með svínarifjum, hamborgurum, grilluðum kjúkling og sem ídýfa með grænmetinu.**

24 Hagkaup
**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

GRILLÆRI HAGKAUPS
1.954 kr/kg
verð áður 2.299

# GRILLLÆRI HAGKAUPS

3 tegundir af marineringum

·Trufflu marinering ·Ferskar kryddjurtir ·Pipar marinering



TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

BLANDAÐAR LÆRISNEIÐAR
2.239 kr/kg
verð áður 2.799



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

BRASILÍU GRÍSALUND
1.679 kr/kg
verð áður 2.399



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

GRÍSKAR LAMBA TVÍRIFJUR
2.699 kr/kg
verð áður 3.599



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGALÆRI MEÐ LEGG
749 kr/kg
verð áður 999



TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGALÆRI ÚRBEINUÐ
1.999 kr/kg
verð áður 2.499

## MEÐLÆTI OG EFTIRRÉTTIR - TILBÚIÐ Á GRILLIÐ



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Áhorfendur tóku vel í flutning dætrana en þær spiluðu í rúmar 45 mínútur.

# Dæturnar enn að ná sér niður



Stúlkurnar voru að vonum ánægðar með lífið eftir að hafa troðið upp í Danaveldi. MYNDIR/TOMMCKENZIE

**Reykjavíkurdætur** efna til hlustunarteitis á sinni fyrstu plötu í kvöld. Í næstu viku halda þær til Spánar og svo eru þær nýkomnar heim af tónlistarhátíðinni Hróarskeldu.

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is

Hróarskelda var sturlun, það var ógeðslega gaman," segir Reykjavíkurdóttirin Ásthildur Sigurðardóttir um nýafstaðna tónleika hópsins á tónlistarhátíðinni góðkunnu Hróarskeldu.

Hátíðin fór fram 25. júní til 2. júlí síðastliðinn og stigu þær á svið sem hluti af „countdown"-dagskrá hátíðarinnar en í sömu ferð höfðu þær spilað á tónleikum í Noregi og Brussel og var flugþreytan örlítið farin að segja til sín. „Við fórum til Noregs og Brussel áður en við fórum á Hróa þannig að við vorum búnar að vera á svolítið miklu flakki. Tökum til dæmis sex flug, áður en við komum til Hróa, á fimm dögum. Þannig að við vorum svolítið búnar á því en það var algjör hápunktur að spila þar," segir hún og augljóst er af myndunum að dæma að þær stöllur áttu ekki erfitt með að finna örlitla aukaorku til þess að skemmta áhorfendum á tónlistarhátíðinni."

Ásthildur viðurkennir að viðtökurnar hafi komið þeim örlítið á óvart enda hafi þær haft hemil á væntingum sínum áður en stigið var á svið. „Við sögðum við okkur að það væru ekki alltaf margir sem mættu á þessi gigg. Þetta var á svokölluðum „countdown"-dögum og maður getur ekki treyst á hversu margir koma. Þannig að við vorum búnar að halda okkur á jörðinni," segir hún. Það hlýtur því að hafa komið skemmtilega á óvart þegar töluvert mannhaf tók á móti dætrunum. „Það voru átta til tíu þúsund manns á tónleikunum, það var alveg geðveikt. Við vorum ógeðslega ánægðar með allt og áhorfendur voru svo ótrúlega með í öllu og gefandi. Þetta var bara tryllt og ógeðslega gaman," segir hún uppveðruð. „Við erum ennþá að ná okkur niður."

Skammt er milli stórra högga því í kvöld fer fram hlustunarpartí fyrir fyrstu plötu hópsins á Prikinu þar sem platan verður seld á forsöluverði. En á plötunni verður bæði að finna nýtt og eldra efni enda hefur hópurinn gefið út efni frá árinu 2013 og af nægu að taka.

„Það verður bara brjálað partí og við erum ógeðslega spenntar. Við erum kannski ekkert búnar að fá að njóta þess að vera að gefa út plötu heima af því að við erum búnar að vera svo mikið á flakki þannig að við teljum niður og hlökkum mikið til þess að hitta fólk og hlusta á plötuna."

Eftir hlustunarpartíið liggur leið þeirra til Spánar þar sem þær koma fram á tónlistarhátíðinni FIB Festival. En meðal listamanna sem fram koma á hátíðinni er Kendrick Lamar, Major Lazer og Jamie XX. „Það er mjög spennandi. Það er líka geggjað að fara til Spánar í 40 stiga hita. Það verður örugglega dálítið öðruvísi heldur en Hróarskelda," segir hún hress, en auk þess að koma fram á hátíðinni stefna þær einnig á að reyna að taka upp sitt næsta tónlistarmyndband í ferðinni, myndbandið verður við lagið Tista. Ásthildur segir hugmyndina vera að þær geri myndbandið sjálfar sem er ekki eitthvað sem hópurinn hefur áður reynt og gæti útkoman því komið skemmtilega á óvart, en dæturnar dvelja í nokkra daga á Spáni. „Þetta verður geggjað, það er einhver vatnagarður þarna og við erum að fara að gera allt vitlaust held ég bara."

Hlustunarpartí Reykjavíkurdætra á Prikinu hefst klukkan átta í kvöld og verða fljótandi veigar í boði fyrir stundvísa.

**ÞAÐ VORU ÁTTA TIL TÍU ÞÚSUND MANNS Á TÓNLEIKUNUM, ÞAÐ VAR ALVEG GEÐVEIKT. VIÐ VORUM ÓGEÐSLEGA ÁNÆGÐAR MEÐ ALLT OG ÁHORFENDUR VORU SVO ÓTRÚLEGA MEÐ Í ÖLLU OG GEFANDI. ÞETTA VAR BARA TRYLLT OG ÓGEÐSLEGA GAMAN.**

Ásthildur Sigurðardóttir, Reykjavíkurdóttir









Vatni var slett yfir gesti en dæturnar eru þekktar fyrir að gefa sig allar í flutninginn.

# Föstudagspitsan er með BBQ-kjúklingi

## SPELTBOTN

- 250 g grófmalað spelt
- 1 tsk. lyftiduft
- 1 tsk. sjávarsalt
- 2 tsk. kryddblanda (oreganó, basil o.fl.)
- 1 msk. ólífuolía
- 200 g volgt vatn

Blandið saman spelti, lyftidufti, kryddblöndunni og saltinu. Bætið síðan volgu vatni og ólífuolíunni saman við og hnoðið. Stráið smá hveiti á borðið og fletjið deigið þunnt út. Það er líka gott að setja fyrst bökunarpappír svo deigið rifni ekki þegar þið setjið það í ofnskúffuna. Þá er deigið tilbúið og þið getið byrjað að dúllast við pitsugerð.

## BBQ-KJÚKLINGUR

- 2 kjúklingabringur
- 5-6 msk. Honey Hickory BBQ sósa
- Rauðlaukur
- Salt og nýmalaður pipar
- Ólífuolía

Skerið kjúklingabringurnar í litla bita, hitið olíu á pönnu og setjið



kjúklinginn á pönnuna. Steikið í smá stund við vægan hita, bætið rauðlauknum og BBQ-sósunni saman við. Leyfið þessu að malla í 5 - 7 mínútur, passið að hræra af og til í þessu. Stráið salti og nýmöluðum pipar yfir að vild!

Setjið kjúklingablönduna á speltdeigið, stráið ferskum mozzarella osti yfir og inn í ofn við 180°C í 12 -15 mínútur, eða þar til skorpan er orðin stökk og osturinn bráðnaður. Skerið í sneiðar og berið strax fram. Gott er að skella í einfalt salat og bera fram með pitsunni. Til dæmis er hægt að nota klettasalat, kirsuberjatómatar og ferskur mozzarella gera pitsuna enn betri.

**Uppskrift fengin af Evalaufeykjaran.com.**










**Það gengur vel hjá þeim hjónum Jógu og Jóni Gnarr að taka upp Borgarstjórann og segir Jóga allt vinna með þeim.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Prímusmótor-kona í tveimur hlutverkum

**Jóga Jóhannsdóttir** er ein aðalmanneskjan bak við tjöldin í Borgarstjóranum en hún hljóp í skarðið þegar vantaði í eitt hlutverk nýlega. Henni líður best þegar hún er ekki fyrir framan myndavélarnar en þetta voru þó alls ekki hennar fyrstu spor í leiklistinni.

Ég er „showrunner“ í þáttunum en fékk þetta óvænta hlutverk í hendurnar í gærmorgun. Þetta er uppáhald hjá Jóni; séra Bettý Johnson sem drífur áfram safnaðarstarf aldraðra í hverfinu og er svona prímusmótor-kona. Hún er voða amerísk – með bleikan varalit og krullur, sem er voða skemmtilegt og ólíkt mér.“

*Hvernig kom það til að þú varst fengin í hlutverkið og er það stórt?* „Mér var hent inn í þetta hlutverk, borgarstjórinn er að hrósa mér í ræðu og ég segi ekki orð, engar línur. Þetta er pínulítið hlutverk. Jóni finnst þetta svo geggjað að hann póstaði mynd. Þetta gerði alveg daginn fyrir hann. Honum fannst mjög skemmtilegt að geta hent mér inn á síðustu stundu. Við vorum að leita að einhverri í hlutverkið en það var ekki alveg búið að vera að ganga. Þannig að á síðustu stundu var mér hent í það. Hann fékk þessa snilldarhugmynd um að það væri virkilega gaman að hafa mig í þessu hlutverki.“

**ÞETTA ER UPPÁHALD HJÁ JÓNI; SÉRA BETTÝ JOHNSON SEM DRÍFUR ÁFRAM SAFNAÐARSTARF ALDRAÐRA Í HVERFINU OG ER SVONA PRÍMUSMÓTOR-KONA. HÚN ER VOÐA AMERÍSK – MEÐ BLEIKAN VARALIT OG KRULLUR, SEM ER VOÐA SKEMMTILEGT OG ÓLÍKT MÉR.**

*Eru þetta þín fyrstu spor í leiklistinni?* „Ég var að leika sem krakki með Leikfélagi Kópavogs. Ég lék þar og seldi miða og seldi nammi. Mér fannst alltaf gaman að vera í miðjunni á sirkusnum, það er mitt uppáhald. Mér finnst nú skemmtilegra bak við tjöldin – ég er ekki aðalleikkonan.“

*Er þetta þá ekki gamall draumur að rætast?* „Nei“ segir Jóga og hlær, „ég er búin að lifa þennan draum. Ég lifði hann með Leikfélagi Kópavogs og fór svo til New York og fór aðeins í leiklistarskóla þar sem ég bakkaði út úr – allir mínir draumar rætast, þessi er búinn. Bara gaman að taka smá þátt, vera sýnilegur, pínulítið. Í gamla daga var ég mjög sýnileg en í dag er ég búin með það. Ég er búin með þennan pakka.“

*En hvernig ganga annars tökur hjá ykkur?* „Það gengur frábærlega – það er allt "on time", það er allt með okkur. Skemmtilegt samstarfsfólk, frábært handrit og veðrið og stemmingin frábær. Það eina leiðinlega er að fólk hefur verið að missa af fótboltanum, en við höfum verið dugleg að gera hlé. En þetta er algjörlega frábær pródúksjón, við erum búin að hlæja mikið og það verður gaman að deila þessu með fólki. Þetta er svolítið íslenskur veruleiki sem verður fínt að minna á kortér í kosningar.“

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Sumar-útsalan

ALLT AÐ **50%** AFSLÁTTUR

## nú á fjórum stöðum

Holtagörðum | Smáratorgi | Akureyri | Ísafirði

## Fyrir þínar bestu stundir



Nature's Bedding

Aukahlutur á mynd: Gafl

Svart PU leður á botni.

### NATURE'S ELEGANCE
heilsurúm m/classic botni

| Stærð cm | Fullt verð |
|---|---|
| 180x200 | 224.900 kr. |

**30%** AFSLÁTTUR
af 180x200 cm á meðan birgðir endast.

**Tilboð** 180 x 200 cm
Aðeins **157.430** kr.

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Hægindalag í yfirdýnu
- 100% bómullaráklæði
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr fm2



Nature's Bedding

Svart PU leður á botni.

### NATURE'S LUXURY
heilsurúm m/classic botni

| Stærð cm | Fullt verð |
|---|---|
| 180x200 | 189.900 kr. |

**25%** AFSLÁTTUR
af 180x200 cm á meðan birgðir endast.

**Tilboð** 180 x 200 cm
Aðeins **142.425** kr.

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Þrýstijöfnunar yfirdýna
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr fm²



Nature's Bedding

Svart PU leður á botni.

### NATURE'S REST
heilsurúm m/classic botni

| Stærð cm | Fullt verð |
|---|---|
| 120x200 | 79.900 kr. |

**20%** AFSLÁTTUR
af 120x200 cm á meðan birgðir endast.

**Tilboð** 120 x 200 cm
Aðeins **63.920** kr.

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Góðar kantstyrkingar
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr fm²




**Þú finnur nýja bæklinginn okkar á www.dorma.is**



**38%** AFSLÁTTUR

### GOZZANO
svefnsófi

Einlitur ljós- eða dökkgrár og dökkgrár með ljósgrárri yfirdýnu. Stærð: 195 x 110 x 91.5 cm.

**Fullt verð: 79.900 kr.**

Aðeins **49.900 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 12–16 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Maríu Bjarnadóttur



# X María í Hæstarétt!

Bandaríkjamenn byggja réttarkerfi á reglunni um réttarríkið eins og Íslendingar, en umgjörð kerfisins er í ýmsu önnur. Til dæmis hefur almenningur oft beina aðkomu að úrlausnum dómstóla á meðan íslenskir dómarar njóta fulltingis sérfræðinga.

Almenningur í Bandaríkjunum hefur líka bein áhrif á það hverjir þjóna réttlætinu. Hann kýs saksóknara og dómara á ákveðnum dómstigum. Frambjóðendur til embættanna heyja kosningabaráttu með refsipólitísk stefnumál og þyki kjósendum þeir ekki hafa staðið sig þegar kjörtímabilinu lýkur eru aðrir kosnir í staðinn. Hugtakið dómstóll götunnar fær einhvern veginn aukna merkingu.

Á Íslandi sækir fólk um að verða saksóknarar og dómarar; skoðanalausir þjónar réttarvörslukerfisins sem verða opinberir starfsmenn við ráðningu. Nefnd sérfræðinga metur umsóknir algerlega hlutlaust og engin þörf er á að gæta að margbreytileika einstaklinganna undir skikkjunni því að persónulegir eiginleikar og reynsluheimur skiptir ekki máli. Fólk fer í atvinnuviðtal en á ekki að flíka skoðunum sínum heldur vita hvað stendur í lagasafninu. Meiningin er einhvern veginn að skikkjan svipti fólk sjálfu sér og að það sé trygging fyrir að kerfið virki eins og hlutlaus vél sem gubbi út úr sér algjörlega hlutlægum niðurstöðum.

Vandinn er bara að lögfræðingar eru líka fólk. Saksóknarar og dómarar hafa skoðanir og tilfinningar. Þeim finnst líka gaman að kíkja á Facebook. Og þá getur glitt í manneskjuna undir skikkjunni líkt og hún þyrfti að heyja kosningabaráttu til að halda starfinu.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Endalaust 365
GSM
2.990 KR.*
ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN
*Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Nánari upplýsingar á 365.is
1817 | 365.is

SUMAR ÚTSALA

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is
Betra BAK